

Efnisyfirlit

<u>1. FORMÁLI</u>	4
<u>FJÖLDI NEMENDA Í SKÓLUNUM OG FJÖLDI SEM TÓK ÞÁTT Í KÖNNUNINNI:</u>	5
<u>KYN</u>	6
<u>2. FÉLAGSLEGUR BAKGRUNNUR NEMENDA</u>	7
<u>HVAÐA ÁR ERTU FÆDD(UR)?</u>	8
<u>PÓSTNÚMER LÖGHEIMILIS</u>	9
<u>HVERT ER AÐSETUR ÞITT NÚ?</u>	10
<u>HVAÐ HEFUR ÞÚ VERIÐ MÖRG NÁMSÁR Í FRAMHALDSSKÓLA (AÐ ÞESSU NÁMSÁRI MEÐTÖLDU)?</u>	11
<u>HEFUR ÞÚ STUNDAÐ NÁM Í ÖÐRUM FRAMHALDSSKÓLA?</u>	12
<u>EF ÞÚ SVARAÐIR JÁTANDI, AF HVERJU SKIPTIR ÞÚ UM SKÓLA?</u>	13
<u>MENNTUN MÓÐUR</u>	14
<u>MENNTUN FÖÐUR</u>	15
<u>NEMENDUR SEM EIGA BARN/BÖRN</u>	16
<u>3. NÁMSVENJUR OG VIÐHORF TIL SKÓLA</u>	17
<u>HVE LANGAN TÍMA NOTAR ÞÚ AÐ MEÐALTALI Í HEIMANÁM Á DAG?</u>	19
<u>NOTAR ÞÚ BÓKASAFN SKÓLANS?</u>	20
<u>FINNST ÞÉR ÞÚ VERA Í NÆGJANLEGA GÓÐU SAMBANDI VIÐ UMSJÓNARKENNARA?</u>	21
<u>HVERNIG ERU SAMSKIPTI ÞÍN VIÐ STJÓRNENDUR SKÓLANS AÐ ÖLLU JÖFNU?</u>	22
<u>HVERNIG FINNST ÞÉR AÐ VERA Í ÞESSUM SKÓLA?</u>	23
<u>ER NÁMIÐ Í SKÓLANUM EINS OG ÞÚ ÁTTIR VON Á?</u>	24
<u>HVERSU OFT ERT ÞÚ FJARVERANDI ÚR KENNSLUSTUNDUM?</u>	25
<u>TEKUR ÞÚ VIRKAN ÞÁTT Í FÉLAGSLÍFI SKÓLANS?</u>	26
<u>FINNST ÞÉR SKÓLAUMHVERFIÐ AÐLAÐANDI?</u>	27
<u>ERT ÞÚ HLYNNT(UR) SAMRÆMDUM PRÓFUM Í FRAMHALDSSKÓLA?</u>	28
<u>4. LÍÐAN NEMENDA</u>	29
<u>STUNDAR ÞÚ ÍPRÓTTIR UTAN SKÓLANS?</u>	30
<u>HVERSU HEILSUHRAUST(UR) TELURÐU AÐ ÞÚ SÉRT?</u>	31
<u>HEFUR ÞÚ EINHVERN TÍMA ORÐIÐ FYRIR EINELTI?</u>	32
<u>HEF ORÐIÐ FYRIR EINELTI Í GRUNNSKÓLA</u>	33
<u>HEF ORÐIÐ FYRIR EINELTI Í FRAMHALDSSKÓLA</u>	34
<u>HEF ORÐIÐ FYRIR EINELTI UTAN SKÓLA</u>	35
<u>HVERJIR BEITTU ÞIG EINELTI? SKÓLAFÉLAGAR?</u>	36
<u>HVERJIR BEITTU ÞIG EINELTI? KENNARI/KENNARAR?</u>	37
<u>HVERJIR BEITTU ÞIG EINELTI? SKÓLASTJÓRNENDUR?</u>	38
<u>HVERJIR BEITTU ÞIG EINELTI? AÐRIR?</u>	39
<u>HEFUR ÞÚ SJÁLFUR BEITT EINELTI?</u>	40
<u>HEF BEITT EINELTI Í GRUNNSKÓLA</u>	41
<u>HEF BEITT EINELTI Í FRAMHALDSSKÓLA</u>	42
<u>HEF BEITT EINELTI UTAN SKÓLANS</u>	43
<u>ÁTTU GÓÐA VINI Í SKÓLANUM?</u>	44

<u>HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VAR/VÖR VIÐ NOTKUN ÓLÖGLEGRA FÍKNIEFNA MEÐAL SKÓLAFÉLAGA ÞINNA?</u>	45
<u>KLUKKAN HVAD FERÐ ÞÚ VENJULEGA AÐ SOFA Á VIRKUM DÖGUM?</u>	46
<u>5. TEKJUÖFLUN OG NEYSLA NEMENDA</u>	47
<u>STUNDAR ÞÚ LAUNAÐA VINNU MEÐ NÁMI?</u>	49
<u>BORGAR ÞÚ FYRIR NÁMSBÆKUR ÞÍNAR SJÁLF(UR)?</u>	50
<u>ÁTT ÞÚ BÍL?</u>	51
<u>ÁTTU GSM SÍMA?</u>	52
<u>EF ÞÚ SVARAÐIR SÍÐUSTU SPURNINGU JÁTANDI, HVER ER ÞÁ GSM SÍMAKOSTNAÐUR ÞINN Á MÁNUÐI?</u>	53
<u>6. MENNINGARHEIMUR NEMENDA</u>	54
<u>ERT ÞÚ AÐ LESA EINHVERJA BÓK SEM EKKI TILHEYYRIR NÁMSEFNINU?</u>	55
<u>HVE OFT HEFUR ÞÚ SÓTT LEIKSÝNINGAR FRÁ ÁRAMÓTUM?</u>	56
<u>HVERSU OFT FERÐU Á LISTASÖFN OG SÝNINGAR?</u>	57
<u>HVERSU LENGI HORFIR ÞÚ Á SJÓNVARP AÐ MEÐALTALI Á DAG?</u>	58
<u>7. TÖLVUNOTKUN NEMENDA</u>	59
<u>HEFUR ÞÚ AÐGANG AÐ TÖLVU MEÐ INTERNETTENGINU ÞAR SEM ÞÚ BÝRÐ?</u>	61
<u>NOTAR ÞÚ TÖLVUBÚNAÐ SKÓLANS?</u>	62
<u>ÁTT ÞÚ EÐA HEFUR ÞÚ AFNOT AF FARTÖLVU?</u>	63
<u>HVERSU VEL FINNST ÞÉR ÞÚ KUNNA Á ÞAU TÖLVUFORRIT SEM NOTUÐ ERU Í SKÓLANUM?</u>	64
<u>HEFUR ÞÚ GÓÐAN AÐGANG AÐ TÖLVUM Í ÞÍNUM SKÓLA?</u>	65
<u>HVERNIG SINNIR SKÓLINN KENNSLU Í NOTKUN TÖLVA OG HUGBÚNAÐAR?</u>	66
<u>MYNDIR ÞÚ NÝTA ÞÉR FJARKENNSLU SEM HLUTA AF SKÓLANÁMI EF HÚN STÆÐI TIL BOÐA?</u>	67
<u>HVERNIG FINNST ÞÉR KENNARAR NÝTA SÉR TÖLVUR OG UPPLÝSINGATÆKNI Í KENNSLUGREINUM SÍNUM?</u>	68
<u>FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA</u>	69
<u>1. BAKGRUNNUR NEMENDA OG ÁFORM ÞEIRRA</u>	69
<u>2. VIÐHORF TIL SKÓLA</u>	70
<u>3. LÍÐAN NEMENDA</u>	71
<u>4. TEKJUÖFLUN OG NEYSLA NEMENDA</u>	72
<u>5. MENNINGARHEIMUR NEMENDA</u>	72
<u>6. TÖLVUNOTKUN NEMENDA</u>	73
<u>MENNTASKÓLINN Á EGILSSTÖÐUM</u>	74
<u>1. BAKGRUNNUR NEMENDA OG ÁFORM ÞEIRRA</u>	74
<u>2. VIÐHORF TIL SKÓLA</u>	74
<u>3. LÍÐAN NEMENDA</u>	75
<u>4. TEKJUÖFLUN OG NEYSLA NEMENDA</u>	76
<u>5. MENNINGARHEIMUR NEMENDA</u>	76
<u>6. TÖLVUNOTKUN NEMENDA</u>	77

<u>MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI</u>	78
1. <u>BAKGRUNNUR NEMENDA OG ÁFORM ÞEIRRA</u>	78
2. <u>VIÐHORF TIL SKÓLA</u>	78
3. <u>LÍÐAN NEMENDA</u>	79
4. <u>TEKJUÖFLUN OG NEYSLA NEMENDA</u>	80
5. <u>MENNINGARHEIMUR NEMENDA</u>	80
6. <u>TÖLVUNOTKUN NEMENDA</u>	81
<u>FJÖLBRAUTASKÓLINN Á SUÐURLANDI</u>	82
1. <u>BAKGRUNNUR NEMENDA OG ÁFORM ÞEIRRA</u>	82
2. <u>VIÐHORF TIL SKÓLA</u>	82
3. <u>LÍÐAN NEMENDA</u>	83
4. <u>TEKJUÖFLUN OG NEYSLA NEMENDA</u>	84
5. <u>MENNINGARHEIMUR NEMENDA</u>	84
6. <u>TÖLVUNOTKUN NEMENDA</u>	85
<u>MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK</u>	86
1. <u>BAKGRUNNUR NEMENDA OG ÁFORM ÞEIRRA</u>	86
2. <u>VIÐHORF TIL SKÓLA</u>	86
3. <u>LÍÐAN NEMENDA</u>	87
4. <u>TEKJUÖFLUN OG NEYSLA NEMENDA</u>	88
5. <u>MENNINGARHEIMUR NEMENDA</u>	88
6. <u>TÖLVUNOTKUN NEMENDA</u>	88
<u>SPURNINGALISTI KÖNNUNAR:</u>	90
<u>HEIMILDASKRÁ</u>	98

1. Formáli

Skýrslan sem hér birtist byggist á könnun á högum og viðhorfum framhaldsskólanema í fimm framhaldsskólum. Skólarnir eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn í Kópavogi, Fjölbrautaskóli Suðurlands og Menntaskólinn í Reykjavík.

Markmiðin með þessari könnun eru að bera saman hagi og viðhorf nemenda í framhaldsskólum og upplýsingar notaðar til að rannsaka breytingar sem hafa orðið frá árinu 1998. Af könnuninni má draga almennar ályktanir um hagi og viðhorf íslenskra framhaldsskólanemenda.

Til stóð að leggja könnunina fyrir í byrjun febrúar en vegna verkfalls framhaldsskólakennara frá í nóvember 2000 til janúar 2001 tafðist framkvæmd hennar og könnunin var lögð fyrir nemendur skólanna í marsmánuði 2001. Líklegt er að verkfallið og björgunar- aðgerðir í kjölfar þess hafi haft áhrif á niðurstöður í sumum spurningum.

Haft var samband við skólameistara allra skólanna og leyfi fengið til þess að leggja könnunina fyrir. Skólameisturum skulu færðar þakkir fyrir jákvæðar undirtektir og hvatningu. Í FÁ, ME og MK önnuðust höfundar framkvæmd könnunarinnar en í MR og FSu voru Kristinn Einarsson og Örlygur Karlsson tengiliðir um framkvæmd hennar og eiga þeir þakkir skyldar fyrir aðstoðina.

Forsaga könnunarinnar er sú að í febrúar 1998 könnuðu höfundarnir hagi nemenda í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, Menntaskólanum á Egilsstöðum og Menntaskólanum í Kópavogi. (*Könnun á högum og viðhorfum framhaldsskólanema í þremur framhaldsskólum*, 1999). Áður hafði einn höfundanna, Hannes Ísberg Ólafsson félagsfræðikennari við Fjölbrautaskólann við Ármúla gert úrtaksskönnun á högum nemenda í fjórum framhaldsskólum í Reykjavík (*Könnun á viðhorfum og aðstæðum*, Félagsblað BK, mars 1992). Niðurstöður beggja þessara kannana sýndu að nemendur í framhaldsskólum hafa mörg sameiginleg einkenni en einnig að nemendurnir séu að mörgu leyti ólíkir.

Fáar kannanir hafa verið gerðar á högum framhaldsskólanemenda á undanförunum árum og þeim er það flestum sameiginlegt að fjalla aðeins um afmörkuð svið eða að einkorðast við einn skóla. Má í þessu sambandi nefna könnun Þorbjörns Broddasonar o.fl., *Framtíðarsýn ungs fólks* (1987), neyslukönnun sem Þorlákur Helgason stóð fyrir í Fjölbrautaskóla Suðurlands 1988 (*Ný menntamál 3. tbl. 7. árg. 1989*), könnun Jóns Torfa Jónssonar o.fl. á vinnu framhaldsskólanemenda með námi (Menntamálaráðuneytið 1990), könnun Guðríðar Sigurðardóttur og Þorláks Karlssonar, *Göfgar vinna með námi* (Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 1991), könnun Þórodds Bjarnasonar og Þórólfs Þórlindssonar á tómstundum íslenskra ungmenna (*Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 1993*), könnun Garðars Gíslasonar á farsímanotkun nemenda í Menntaskólanum í Kópavogi (*Kópavogspósturinn, 19. tlb. 5 árg. 1999*) og *Ungt fólk í framhaldsskólum á Íslandi*, sem unnin var að tilstuðlan Áfengis- og Vímuvarnaráðs, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Rauða kross Íslands, Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur og Rannsóknarnefndar umferðarslysa. Framkvæmd annaðist

fyrirtækið Rannsóknir & greining. Könnunin sem fór fram í október 2000 náði til ungs fólks 16–19 ára í öllum framhaldsskólum á Íslandi. Í úrtakinu voru tæplega 8,900 einstaklingar og svarhlutfall var 71,6%. Sambærileg könnun var gerð árið 1992 og eru niðurstöður þeirrar könnunar notaðar til samanburðar.

Í ljósi reynslu könnunarinnar frá 1998 var spurningalisti endurskoðaður, ýmsar viðbætur gerðar og umfang könnunarinnar aukið með því að bæta við tveimur skólum. Fjölgað var spurningum sem tengjast líðan nemenda og félagatengsl og notkun tölvu og upplýsingatækni.


Skólarnir fimm eru mismunandi að stærð og gerð. Fjölbrautaskólinn á Suðurlandi og Menntaskólinn á Egilsstöðum eru ungir landsbyggðarskólar. Fjölbrautaskólinn á Suðurlandi býður bæði upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs og starfstengt nám en í Menntaskólanum á Egilsstöðum eru eingöngu bóknámsbrautir og hann er eini skólinn í úrtakinu þar sem starfrækt er heimavist. Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Menntaskólinn í Kópavogi eru ungir skólar og þar eru bæði bóknámsbrautir og starfstengt nám. Menntaskólinn í Reykjavík er elsti framhaldsskóli landsins, hann er eini skólinn í úrtakinu sem er með bekkjarkerfi og þar eru eingöngu bóknámsbrautir til stúdentsprófs. Nemendafjöldi skólanna er misstór. ME er fámennastur þeirra með um 250 nemendur. Nemendur í FSu eru nálægt 650, um 700 í FÁ, um 750 í MR og um 1000 í MK.

Þar sem tveir skólanna bjóða eingöngu upp á bóknámsbrautir er í þessari skýrslu aðeins að finna samanburð á svörum **bóknámsnemenda** skólanna fimm. Aðstæður og viðhorf verknámsnemenda eru oft á tíðum öðruvísi en dæmigerðra bóknámsnemenda og yrði skekkjuvaldur í heildarsamanburði. Má þar nefna aldur, fjárhagsstöðu, launavinnu, hjúskaparstöðu o.fl. sem ekki verður tíundað hér. Heildarfjöldi nemenda sem svöruðu könnuninni nú var 2114, þar af 1761 bóknámsnemandi. Bóknámsnemendur eru þannig 83% svarenda.

Heildarfjöldi dagskólanemenda skólanna fimm á vorönn 2001 var 3245 miðað við skráningu á haustönn. Ætla má að nemendur í mars 2001 hafi verið eitthvað færri m.a. vegna verkfalls kennara. Miðað við að nemendur hafi þó verið 3245 þá hefur náðst í 65% þeirra.

Fjöldi nemenda í skólunum og fjöldi sem tók þátt í könnuninni:

	Allir nemendur		Á bóknámsbrautum	
	Áætlaður fjöldi nemenda	Áætlaður fjöldi nemenda	Fjöldi í könnun	Hlutfall svarenda af bóknámsbr.
FÁ	709	488	307	63%
ME	239	239	186	78%
MK	956	650	363	56%
FSu	645	361	301	83%
MR	730	730	604	83%
Alls	3245	2468	1761	71%



		Kyn		
		Karl	Kona	Alls
FÁ	Fjöldi	103	198	301
	%	34,2	65,8	100
ME	Fjöldi	70	104	174
	%	40,2	59,8	100
MK	Fjöldi	159	197	356
	%	44,7	55,3	100
FSu	Fjöldi	105	186	291
	%	36,1	63,9	100
MR	Fjöldi	265	330	595
	%	44,5	55,5	100
Samtals	Fjöldi alls	702	1015	1717
	% alls	40,9	59,1	100

Konur eru í meirihluta svarenda í öllum skólunum, en 44 svöruðu ekki spurningu um kyn.

Í skýrslunni er samanburður á nemendum bóknámsbrauta allra skólanna og stutt samantekt um hvern skóla. Miklar tölulegar upplýsingar liggja fyrir eftir könnunina. Hægt er að bera saman mun fleiri breytur til dæmis með því að keyra saman töflur (krosskeyrsla). Þannig mætti bera saman nemendur eftir kyni, aldri, brautum, félagslegri stöðu foreldra, félagslegum tengslum og notkun upplýsingatækni svo dæmi séu nefnd. Einnig er hugsanlegt að hver skóli fyrir sig vinni betur úr upplýsingum um sína nemendur en þær upplýsingar eru þegar til í upplýsingabanka þessarar könnunar.

Þessi könnun var styrkt af Þróunarsjóði framhaldsskóla og menntamálaráðuneytinu.

2. Félagslegur bakgrunnur nemenda


Í fyrstu 12 spurningum könnunarinnar var spurt um félagslegan bakgrunn nemenda. Í könnuninni kemur í ljós að um sumt eru nemendur skólanna líkir en að öðru ólíkir.

Nemendur í FÁ eru að öllu jöfnu eldri en nemendur hinna skólanna og eru það sömu niðurstöður og fengust úr könnuninni 1998. Þeir eru líka líklegastir til að hafa áður stundað nám í öðrum framhaldsskóla. Hlutfall nemenda sem hafa verið lengur en fjögur ár í skóla er langlægst í MR.

Gríðarlegur munur kom fram á menntun foreldra eftir skólum. Hlutfall foreldra nemenda með háskólapróf er hæst í MR en lægst í ME.

Langflestir nemendanna búa í foreldrahúsum. Lítil munur er á milli skóla en nemendur í ME eru þó heldur líklegri en aðrir til að búa á heimavist eða í leiguhúsnæði. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur orðið sú breyting meðal nemenda FÁ að mun hærra hlutfall þeirra býr í foreldrahúsum nú en áður.


Fæstir nemendur eiga börn. Hæst er hlutfallið í FÁ en þar eru nemendur líka að meðaltali eldri en nemendur hinna skólanna. Nemendum sem eiga börn hefur fækkað hlutfallslega frá könnuninni 1998 í samanburðarskólunum þremur (FÁ, MK og ME).

**Hvaða ár ertu fædd(ur)?**

		1986	1985	1984	1983	1982	1981	1980	1979	1978	Alls
											eða fyrir
FÁ	Fjöldi	1	0	42	67	66	48	40	20	23	307
	%	0,3	0	13,7	21,8	21,5	15,6	13	6,5	7,5	100
ME	Fjöldi	0	2	65	42	37	21	10	3	6	186
	%	0	1,1	34,9	22,6	19,9	11,3	5,4	1,6	3,2	100
MK	Fjöldi	0	1	102	78	88	46	29	12	7	363
	%	0	0,3	28,1	21,5	24,2	12,7	8	3,3	1,9	100
FSu	Fjöldi	0	2	59	65	80	60	22	7	5	300
	%	0	0,7	19,7	21,7	26,7	20	7,3	2,3	1,7	100
MR	Fjöldi	0	5	157	137	127	164	11	1	2	604
	%	0	0,8	26	22,7	21	27,2	1,8	0,2	0,3	100
Samt	Alls	1	10	425	389	398	339	112	43	43	1760
	%	0,1	0,6	24,1	22,1	22,6	19,3	6,4	2,4	2,4	100

Mikill munur er eftir skólum hvað varðar aldur, 27% nemenda í FÁ er yfir tvítugt en aðeins rúmlega 2% nemenda í MR eru eldri en tvítugir. Á milli 10 og 13% nemenda í hinum skólunum eru yfir tvítugt.

Í könnuninni frá 1998 var hlutfall nemenda eldri en tvítugir 20% en er nú 17,5%.




		Póstnúmer lögheimilis										
		101-119	200-203	170-270	300-394	400-499	500-599	600-699	700-799	800-900	Annað	Alls
FÁ	Fjöldi	225	11	27	10	7	6	5	8	5	0	304
	%	74	3,6	8,9	3,3	2,3	2	1,6	2,6	1,6	0	100
ME	Fjöldi	2	0	0	1	0	0	1	181	0	0	185
	%	1,1	0	0	0,5	0	0	0,5	97,8	0	0	100
MK	Fjöldi	35	274	20	4	3	12	1	1	2	3	355
	%	9,9	77,2	5,6	1,1	0,8	3,4	0,3	0,3	0,6	0,8	100
FSu	Fjöldi	2	0	2	0	5	0	0	0	284	5	298
	%	0,7	0	0,7	0	1,7	0	0	0	95,3	1,7	100
MR	Fjöldi	393	32	144	4	0	4	3	4	6	6	596
	%	65,9	5,4	24,2	0,7	0	0,7	0,5	0,7	1	1	100
Alls		657	317	193	19	15	22	10	194	297	14	1738
Samt	%	37,8	18,2	11,1	1,1	0,9	1,3	0,6	11,2	17,1	0,8	100

Skólar utan Reykjavíkur virðast sækja nemendur sína fyrst og fremst til heimabyggðarinnar. Í MK á 77% nemenda lögheimili í Kópavogi, 98% nemenda í ME á lögheimili á Austurlandi og 95% nemenda í FSu á lögheimili á Suðurlandi. Skólarnir í Reykjavík sækja sína nemendur fyrst og fremst til suðvesturhornsins. Þar búa 86,5% nemenda FÁ og 95,5% nemenda MR.

Í könnuninni 1998 áttu 23% nemenda í FÁ lögheimili utan suðvesturhornsins en nú eru það 13,5%. Stundum hefur verið talað um skólann sem landsbyggðarskóla í Reykjavík vegna þess hve margir nemendur þar hafa átt lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

Samanburður við könnunina frá 1998 bendir til þess að vægi skólans sem dreifbýlisskóla hafi minnkað.




Hvert er aðsetur þitt nú?

		Hjá		Hjá	Í leigu-	Í eigin	Á	Annað	Alls
		foreldrum	ættingjum	tengda-foreldrum	húsnæði	húsnæði	heimavist		
FÁ	Fjöldi	208	19	9	37	21	1	7	302
	%	68,9	6,3	3	12,3	7	0,3	2,3	100
ME	Fjöldi	76	8	3	28	2	69	0	186
	%	40,9	4,3	1,6	15,1	1,1	37,1	0	100
MK	Fjöldi	325	14	7	7	4	0	4	361
	%	90	3,9	1,9	1,9	1,1	0	1,1	100
FSu	Fjöldi	247	11	5	25	5	5	3	301
	%	82,1	3,7	1,7	8,3	1,7	1,7	1	100
MR	Fjöldi	560	12	0	12	8	0	7	599
	%	93,5	2	0	2	1,3	0	1,2	100
Alls		1416	64	24	109	40	75	21	1749
Samt.	%	81	3,7	1,4	6,2	2,3	4,3	1,2	100

Langflestir nemendur búa hjá foreldrum eða á heimavist.

Mesta breytingin frá fyrri könnun er að 1998 bjuggu 54% nemenda í FÁ hjá foreldrum en þetta hlutfall nú er nærri 70%.




**Hvað hefur þú verið mörg námsár í framhaldsskóla
(að þessu námsári meðtöldu)?**

		1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár	Annað	Alls
FÁ	Fjöldi	47	76	89	71	14	9	306
	%	15,4	24,8	29,1	23,2	4,6	2,9	100
ME	Fjöldi	67	48	41	13	8	5	182
	%	36,8	26,4	22,5	7,1	4,4	2,7	100
MK	Fjöldi	103	86	97	56	14	3	359
	%	28,7	24,0	27,0	15,6	3,9	0,8	100
FSu	Fjöldi	59	68	87	58	15	9	296
	%	19,9	23,0	29,4	19,6	5,1	3,0	100
MR	Fjöldi	154	138	126	173	9	3	603
	%	25,5	22,9	20,9	28,7	1,5	0,5	100
Samtals	Fjöldi alls	430	416	440	371	60	29	1746
	%	24,6	23,8	25,2	21,2	3,4	1,7	100

Tuttugasti hver nemandi (5,1%) hefur verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla. Hlutfallið er langlægst í MR en þar hefur einn af hverjum fimmtíu nemendum (2,0%) verið fimm ár eða lengur í námi. Næst lægst er hlutfallið í MK eða 4,7% en það er 7,1% í ME, 7,5% í FÁ og 8,1% í FSu.

Miðað við könnunina frá 1998 hefur hlutfallið lækkað í FÁ úr 9,1% í 7,5%, en hækkað úr 4,1% í 4,7% í MK og úr 0,5% í 1,7% í ME.




Hefur þú stundað nám í öðrum framhaldsskóla?

		Fleiri en				Alls
		Nei	Já, einum	Já, tveimur	tveimur	
FÁ	Fjöldi	152	111	33	10	306
	%	49,7	36,3	10,8	3,3	100
ME	Fjöldi	149	30	4	2	185
	%	80,5	16,2	2,2	1,1	100
MK	Fjöldi	294	47	17	3	361
	%	81,4	13	4,7	0,8	100
FSu	Fjöldi	258	34	3	4	299
	%	86,3	11,4	1	1,3	100
MR	Fjöldi	572	28	2	2	604
	%	94,7	4,6	0,3	0,3	100
Samtals	Alls	1425	250	59	21	1755
	%	81,2	14,2	3,4	81,2	100

Samkvæmt könnuninni hefur um 19% nemenda eða fimmti hver nemandi stundað nám í öðrum skólum. Langhæst er hlutfallið í FÁ en þar hefur annar hver nemandi (50,3%) stundað nám í öðrum framhaldsskóla. Sambærilegar tölur fyrir hina skólana eru 19,5% í ME, 19% í MK, 14% í FSu en aðeins 5% í MR.

Í könnuninni 1998 kom fram að þriðjungur bóknámsnema í FÁ, ME og MK hafði stundað nám í öðrum framhaldsskólum. Könnunin nú sýnir að í þessum þremur skólum hafa um 30% nemenda stundað nám í öðrum skólum.


Þótt flakk nemenda á milli skóla sé verulega minna en ætla mátti af könnuninni 1998 þá er ljóst að í athugunum á brottfalli nemenda í framhaldsnámi nægir ekki að athuga brottfall innan hvers skóla því miklar líkur geta verið á að nemendur ljúki námi í öðrum skólum.



Ef þú svaraðir játandi, af hverju skiptir þú um skóla?

		Fjöl- skyldan flutti	Fylgdi kærasta/ kærustu	Tók hlé frá námi	Vildi skipta um umhverfi	Gekk illa í gamla skólanu	Betra náms- framboð í nýja skólanum	Annað	Alls
FÁ	Fjöldi	8	8	45	33	22	26	12	154
	%	5,2	5,2	29,2	21,4	14,3	16,9	7,8	100
ME	Fjöldi	2	1	3	15	1	1	11	34
	%	5,9	2,9	8,8	44,1	2,9	2,9	32,4	100
MK	Fjöldi	5	0	8	12	10	18	9	62
	%	8,1	0	12,9	19,4	16,1	29	14,5	100
FSu	Fjöldi	6	6	0	7	4	8	8	39
	%	15,4	15,4	0	17,9	10,3	20,5	20,5	100
MR	Fjöldi	3	2	1	3	2	6	12	29
	%	10,3	6,9	3,4	10,3	6,9	20,7	41,4	100
Samt	Alls	24	17	57	70	39	59	52	318
	%	7,5	5,3	17,9	22	12,3	18,6	16,4	100


Þar sem könnunin 1998 sýndi að mjög hátt hlutfall nemenda hafði einhvern tímann skipt um framhaldsskóla þá var ákveðið að kanna ástæður þessa nú. Þær ástæður sem oftast eru gefnar upp eru að nemandinn hafi viljað skipta um umhverfi, að betra námsframboð sé í núverandi skóla og að viðkomandi hafi tekið hlé frá námi. Ástæðurnar eru mismikilvægar eftir skólum. Þannig leita langflestir til ME vegna þess að þeir vildu skipta um umhverfi, flestir fara í FÁ vegna þess að þeir hafa áður tekið hlé frá námi, til MK og FSu leita flestir vegna námsframboðsins þar og stærstur hluti nemenda í MR gefur annað upp sem ástæður.



Menntun móður

		Skyldu- nám	Starfs- nám	Stúdents- próf	Háskóla- nám	Veit ekki	Alls
FÁ	Fjöldi	114	73	46	57	15	305
	%	37,4	23,9	15,1	18,7	4,9	100
ME	Fjöldi	84	33	15	32	18	182
	%	46,2	18,1	8,2	17,6	9,9	100
MK	Fjöldi	106	72	57	109	17	361
	%	29,4	19,9	15,8	30,2	4,7	100
FSu	Fjöldi	135	55	44	47	18	299
	%	45,2	18,4	14,7	15,7	6,0	100
MR	Fjöldi	75	90	82	345	11	603
	%	12,4	14,9	13,6	57,2	1,8	100
Samtals	Alls	514	323	244	590	79	1750
	%	29,4	18,5	13,9	33,7	4,5	100


Það er sláandi að miklu líklegra er að mæður nemenda í MR hafi lokið háskólanámi en mæður nemenda í öðrum skólum. Í MR hafa 57% mæðranna háskólanám að baki, í MK 30%, en aðeins 19% í FÁ, 18% í ME og 16% í FSu. FÁ er þarna í flokki með landsbyggðarskólum. Aðeins 2% nemenda í MR segjast ekki vita hver menntun móður þeirra er en samsvarandi hlutfall er að meðaltali 6% í hinum skólunum fjórum.



Menntun föður

		Skyldu- nám	Starfs- nám	Stúdents- próf	Háskóla- nám	Veit ekki	Alls
FÁ	Fjöldi	55	112	42	80	16	305
	%	18	36,7	13,8	26,2	5,2	100
ME	Fjöldi	46	61	14	36	27	184
	%	25	33,2	7,6	19,6	14,7	100
MK	Fjöldi	40	121	52	133	14	360
	%	11,1	33,6	14,4	36,9	3,9	100
FSu	Fjöldi	80	119	36	45	19	299
	%	26,8	39,8	12	15,1	6,4	100
MR	Fjöldi	31	97	55	403	17	603
	%	5,1	16,1	9,1	66,8	2,8	100
Samtals	Alls	252	510	199	697	93	1751
	%	14,4	29,1	11,4	39,8	5,3	100

Samanburður á menntun feðra sýnir svipaðar niðurstöður og samanburðurinn á menntun mæðra. Í MR hafa 67% feðranna stundað háskólanám, í MK 37% en 26% í FÁ, 20% í ME og 15% í FSu. Aðeins 3% nemenda í MR segjast ekki vita hver menntun föður þeirra er en þetta hlutfall er 15% í ME.



Nemendur sem eiga barn/börn

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	18	285	303
	%	5,9	94,1	100
ME	Fjöldi	4	179	183
	%	2,2	97,8	100
MK	Fjöldi	6	347	353
	%	1,7	98,3	100
FSu	Fjöldi	4	294	298
	%	1,3	98,7	100
MR	Fjöldi	4	594	598
	%	0,7	99,3	100
Samtals	Alls	36	1699	1735
	%	2,1	97,9	100

Rúm 2% nemenda eiga börn. Algengast er að nemendur í FÁ eigi börn eða um 6% en minnst er hlutfallið í MR, 0,7%.

Nemendum sem eiga börn hefur fækkað lítillega miðað við könnunina 1998.

3. Námsvenjur og viðhorf til skóla

Í spurningum 13,14,17-23 og 47 var spurt um heimanám, líðan í skólanum, tengsl við kennara og skólastjórnendur, viðhorf til námsins, þátttöku í félagslífi skólans og viðhorf til samræmdra prófa.

Nokkur munur kom fram á heimanámi nemenda eftir skólum. Um þriðjungur nemenda segist nota 30 mínútur eða minna í heimalærdóm á dag, flestir í MK en fæstir í MR. Af nemendum sem vörðu tveimur klukkustundum eða meira í heimanám á dag er hlutfallið hæst í MR. Nemendur nota almennt meiri tíma til heimanáms nú en í könnuninni 1998. Hér getur verkfall kennara í lok ársins 2000 og byrjun árs 2001 hafa valdið því að nemendur þurftu meiri tíma til heimanáms nú.

Meirihluti nemenda segist aldrei eða næstum aldrei nota bókasafn skólans. Nemendur MR og ME nota bókasafnið sjaldnast en nemendur FSu nota það oftast.

Áberandi munur kemur fram á milli skóla hvað varðar samband við umsjónarkennara, en nemendur landsbyggðarskólanna (FSu og ME) segjast vera í mun betra sambandi við þá en aðrir nemendur. Nemendur í FÁ og MK töldu sig í minnstu sambandi við umsjónarkennara og hlutfall þeirra hefur hækkað verulega miðað við könnunina frá 1998. Í ME er þetta hlutfall hins vegar svipað og áður.

Nemendur eru almennt ánægðir með samskipti sín við stjórnendur skólanna og tiltölulega lítið hlutfall nemenda eru óánægðir. Hæst er hlutfall ánægðra nemenda í FÁ. Hlutfall óánægðra nemenda er hæst í MK og MR. Ánægja með samskipti við skólastjórnendur hefur aukist verulega miðað við könnunina frá 1998, sérstaklega í MK.

Meirihluta nemenda finnst skemmtilegt í skólanum og tiltölulega fáum nemendum leiðist þar. Nemendum í MR fannst hlutfallslega skemmtilegast í skólanum. Miðað við könnunina frá 1998 hefur ánægja nemenda aukist allnokkuð. Vera má að langt verkfall kennara hafi haft áhrif á niðurstöðurnar og nemendur glaðst yfir að geta hafið nám að nýju.


Lítill munur er á viðhorfum nemenda til námsins. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra segir námið eins og þeir áttu von á. Hlutfall nemenda sem töldu námið erfiðara var hæst í MR. Hlutfall nemenda sem töldu námið auðveldara var hæst í ME.

Nemendur mæta almennt vel í skólann og um þriðjungur þeirra segist nær aldrei vera fjarverandi úr kennslustund. Minnst fjarvera er á meðal nemenda FSu. Af nemendum sem segjast vera fjarverandi næstum daglega er hlutfallið hæst í MK og MR. Í könnuninni frá 1998 var ekki spurt um fjarveru úr kennslustundum heldur viðhorf til mætingareglna.

Talsverður munur er á þátttöku nemenda í félagslífi skólanna. Mest er þátttakan meðal nemenda í MR og ME en áberandi lægst í FÁ. Í samanburði við könnunina frá 1998 hafa orðið litlar breytingar á milli skóla.

Tæplega helmingi nemenda finnst skólaumhverfi sitt aðlaðandi. Af þeim nemendum sem töldu umhverfið mjög eða frekar aðlaðandi er hlutfallið hæst í FSu. Af þeim nemendum sem fannst umhverfið mjög óaðlaðandi var hlutfallið hæst meðal nemenda í MR og FÁ. Hlutfall nemenda í FÁ og MK sem finnst skólaumhverfi sitt aðlaðandi hefur hækkað verulega frá könnuninni 1998.

Um helmingur nemenda skólanna er hlynntur samræmdum prófum í framhaldsskólum. Lítil munur er á viðhorfum nemenda eftir skólum en mest fylgi við samræmd próf er í FSu og minnst í FÁ. Af þeim sem vildu samræmd próf vildu langflestir (8 af hverjum 10 nemendum) hafa þau í sumum greinum en ekki öllum.




Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag?

		30 mín eða minna	30 mín.- 1 klst.	1-2 klst.	2-3 klst.	3-4 klst.	4 klst. eða meira	Alls
FÁ	Fjöldi	84	87	88	37	9	1	306
	%	27,5	28,4	28,8	12,1	2,9	0,3	100
ME	Fjöldi	51	47	57	19	9	3	186
	%	27,4	25,3	30,6	10,2	4,8	1,6	100
MK	Fjöldi	125	101	92	33	8	3	362
	%	34,5	27,9	25,4	9,1	2,2	0,8	100
FSu	Fjöldi	90	88	67	42	11	2	300
	%	30	29,3	22,3	14	3,7	0,7	100
MR	Fjöldi	131	140	183	89	37	23	603
	%	21,7	23,2	30,3	14,8	6,1	3,8	100
Samt.	Fjöldi	481	463	487	220	74	32	1757
	%	27,4	26,4	27,7	12,5	4,2	1,8	100

Rúmlega 27% nemenda segjast læra heima hálf klst. eða minna. Rúmlega helmingur nemenda (54%) notar eina klst. eða minna í heimanám á dag. MK nemendur eru fjölmennastir í þessum flokki (62%) en nemendur í MR fæstir (45%).

Nemendur í MR nota mestan tíma í heimanám; 25% þeirra læra í 2 klst. eða meira á dag. Samsvarandi hlutfall er 18% í FSu, 17% í ME, 15% í FÁ og 12% í MK.

Árið 1998 sögðust um 70% nemenda verja 1 klst eða minna í heimanám en nú er hlutfallið 58% í skólunum þremur. Nemendur nota nú meiri tíma til heimanáms en þeir gerðu 1998. Hér getur verkfall kennara sem náði fram til byrjun árs 2001 hugsanlega haft áhrif á tímamann sem varið er í heimanám.




Notar þú bókasafn skólans?

		Nei, aldrei	Næstum aldrei	Já, einum sinni til tvisvar á viku	Já, þrisvar til fjórum sinnum á viku	Já, fimm sinnum á viku eða oftar	Alls
FÁ	Fjöldi	29	150	93	29	5	306
	%	9,5	49	30,4	9,5	1,6	100
ME	Fjöldi	28	115	35	8	0	186
	%	15,1	61,8	18,8	4,3	0	100
MK	Fjöldi	21	166	136	32	6	361
	%	5,8	46	37,7	8,9	1,7	100
FSu	Fjöldi	17	116	116	46	6	301
	%	5,6	38,5	38,5	15,3	2	100
MR	Fjöldi	62	385	139	14	4	604
	%	10,3	63,7	23	2,3	0,7	100
Samtals	Alls	157	932	519	129	21	1758
	%	8,9	53	29,5	7,3	1,2	100

Rúmlega 60% nemenda segjast aldrei eða næstum aldrei nota bókasafn skólans. Minnst er bókasafnið notað í ME en þar segjast 77% nota bókasafnið sjaldan eða aldrei, og í MR er hlutfallið 74%.

Bókasafnið er mest notað í FSu en þar segjast 56% nota það einu sinni í viku eða oftar. Í MK segjast 48% nota það minnst einu sinni í viku og í FÁ 41,5%.

Nemendur FSu nota bókasafnið mest og séu þeir skoðaðir sem nota það þrisvar sinnum eða oftar á viku þá kemur í ljós að 17,3% nemenda í FSu gera það, 11,1% í FÁ, 10,6% í MK en bara 4,3% í ME og 3% í MR.




Finnst þér þú vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	135	171	306
	%	44,1	55,9	100
ME	Fjöldi	143	43	186
	%	76,9	23,1	100
MK	Fjöldi	140	221	361
	%	38,8	61,2	100
FSu	Fjöldi	247	53	300
	%	82,3	17,7	100
MR	Fjöldi	388	214	602
	%	64,5	35,5	100
Samtals	Fjöldi alls	1053	702	1755
	%	60	40	100

Sex af hverjum tíu nemendum segjast vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara. Landsbyggðarskólarnir skera sig úr en 82% nemenda í FSu og 77% nemenda í ME telja sig vera í nægjanlega góðu sambandi við hann. Næst koma nemendur í MR eða 65%. Minna en helmingur nemenda í FÁ og MK telja sig vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara.

Í könnuninni 1998 töldu 56% nemenda samanburðarskólanna þriggja sig vera í nægilega góðu sambandi á móti 49% nú. Hlutfallið hefur því lækkað á milli ára. Séu einstakir skólar skoðaðir var hlutfallið 53% í FÁ en er nú 44%, í MK var hlutfallið 50% en er nú 39% og í ME var hlutfallið 76% en er nú 77%.




Hvernig eru samskipti þín við stjórnendur skólans að öllu jöfnu?

		Mjög góð	Góð	Í lagi	Slæm	Mjög slæm	Alls
FÁ	Fjöldi	90	114	92	8	2	306
	%	29,4	37,3	30,1	2,6	0,7	100
ME	Fjöldi	46	61	68	6	5	186
	%	24,7	32,8	36,6	3,2	2,7	100
MK	Fjöldi	62	107	150	34	8	361
	%	17,2	29,6	41,6	9,4	2,2	100
FSu	Fjöldi	58	110	122	8	3	301
	%	19,3	36,5	40,5	2,7	1	100
MR	Fjöldi	144	178	215	43	21	601
	%	24	29,6	35,8	7,2	3,5	100
Samtals	Alls	400	570	647	99	39	1755
	%	22,8	32,5	36,9	5,6	2,2	100

Um 55% nemenda telja að samskipti við skólastjórnendur séu góð eða mjög góð. Nemendur í FÁ eru ánægðastir (67%) með þessi samskipti. Í ME, FSu og MR er þetta hlutfall um 55% en í MK er það 47%.

Óánægðustu nemendurnir eru í MK og MR en þar segja rúmlega 10% þeirra að samskiptin við skólastjórnendur séu slæm eða mjög slæm á móti 6% í ME, 4% í FSu og 3% í FÁ.

Ánægja með samskipti við skólastjórnendur hefur aukist verulega frá árinu 1998 en þá töldu 43% nemenda í FÁ, ME og MK að samskipti við skólastjórnendur væru góð eða mjög góð á móti 56% nú.




Hvernig finnst þér að vera í þessum skóla?

		Skemmtilegt	Hlutlaus	Leiðinlegt	Alls
FÁ	Fjöldi	152	130	23	305
	%	49,8	42,6	7,5	100
ME	Fjöldi	118	57	10	185
	%	63,8	30,8	5,4	100
MK	Fjöldi	212	114	35	361
	%	58,7	31,6	9,7	100
FSu	Fjöldi	160	124	15	299
	%	53,5	41,5	5	100
MR	Fjöldi	452	111	37	600
	%	75,3	18,5	6,2	100
Samtals	Fjöldi alls	1094	536	120	1750
	%	62,5	30,6	6,9	100

Rúmlega sex af hverjum tíu nemendum finnst skemmtilegt í skólanum en 120 nemendur eða 7% segja að þeim finnst leiðinlegt í skólanum. Nemendum í MR finnst skemmtilegast í skólanum en þrír af hverjum fjórum segja skólavistina skemmtilega. Í ME segja 64% vistina skemmtilega, í MK 59%, í FSu 54% og í FÁ 50%. Hlutfall þeirra sem telja leiðinlegt að vera í skólanum er hæst í MK 10%, 8% í FÁ, 6% í MR og 5% í ME og FSu.


Miðað við könnunina 1998 virðist ánægja í skólunum hafa aukist. Þá töldu 48% skemmtilegt í skólanum en nú er þetta hlutfall í samanburðarskólunum þremur komið í 57%.



Er námið í skólanum eins og þú áttir von á?

		Nei, það er			Alls
		Já	erfiðara	auðveldara	
FÁ	Fjöldi	229	43	32	304
	%	75,3	14,1	10,5	100
ME	Fjöldi	134	20	30	184
	%	72,8	10,9	16,3	100
MK	Fjöldi	267	48	44	359
	%	74,4	13,4	12,3	100
FSu	Fjöldi	218	44	38	300
	%	72,7	14,7	12,7	100
MR	Fjöldi	430	123	50	603
	%	71,3	20,4	8,3	100
Samtals	Alls	1278	278	194	1750
	%	73	15,9	11,1	100


Flestir telja að námið sé eins og þeir áttu von á en 16% segja það erfiðara og 11% auðveldara. Nemendur í MR telja það helst erfiðara (20%) og nemendur í ME telja það helst auðveldara (16%).



Hversu oft ert þú fjarverandi úr kennslustundum?

		Næstum aldrei	1-3 sinnum í mánuði	1-3 sinnum á viku	Næstum daglega	Alls
FÁ	Fjöldi	96	81	107	21	305
	%	31,5	26,6	35,1	6,9	100
ME	Fjöldi	49	49	75	12	185
	%	26,5	26,5	40,5	6,5	100
MK	Fjöldi	100	88	133	41	362
	%	27,6	24,3	36,7	11,3	100
FSu	Fjöldi	97	114	81	7	299
	%	32,4	38,1	27,1	2,3	100
MR	Fjöldi	235	149	166	53	603
	%	39	24,7	27,5	8,8	100
Samtals	Alls	577	481	562	134	1754
	%	32,9	27,4	32	7,6	100

Þriðji hver nemandi (33%) segist næstum aldrei vera fjarverandi úr kennslustundum en 8% segjast vera fjarverandi úr kennslustundum næstum daglega. Sex af hverjum tíu nemendum (60%) segjast vera fjarverandi minna en eina kennslustund í viku. Nemendur í FSu mæta best en 70% þeirra segjast vera fjarverandi sjaldnar en einu sinni í viku. Næstir koma nemendur í MR eða 63%. Í FÁ er hlutfallið 59%, í ME 53% og í MK 52%. Af þeim sem eru fjarverandi í kennslustundum næstum daglega er hlutfallið hæst í MK (11%) en lægst í FSu (2%).




Tekur þú virkan þátt í félagslífi skólans?

		Nei, hef ekki		Nei, hef ekki áhuga		Alls
		Já	tíma	áhuga	Nei, annað	
FÁ	Fjöldi	139	70	75	21	305
	%	45,6	23	24,6	6,9	100
ME	Fjöldi	135	21	19	10	185
	%	73	11,4	10,3	5,4	100
MK	Fjöldi	224	60	61	16	361
	%	62	16,6	16,9	4,4	100
FSu	Fjöldi	190	62	36	9	297
	%	64	20,9	12,1	3	100
MR	Fjöldi	445	80	58	15	598
	%	74,4	13,4	9,7	2,5	100
Samtals	Alls	1133	293	249	71	1746
	%	64,9	16,8	14,3	4,1	100

Talsverður munur er á milli skóla að því er varðar þátttöku í félagslífi. Að meðaltali segjast 65% taka þátt í því. Í MR taka 74% þátt í félagslífinu og 73% í ME. Í FÁ taka hins vegar aðeins 46% þátt í félagslífinu. Í FSu er hlutfallið 64% og í MK 62%.

Samanburður við könnunina frá 1998 sýnir að þátttakan er mjög svipuð á milli ára.




Finnst þér skólaumhverfið aðlaðandi?

		Frekar			Mjög		Alls
		Mjög aðlaðandi	aðlaðandi	Hlutlaus	óaðlaðandi	óaðlaðandi	
FÁ	Fjöldi	12	91	135	54	14	306
	%	3,9	29,7	44,1	17,6	4,6	100
ME	Fjöldi	11	55	98	17	3	184
	%	6	29,9	53,3	9,2	1,6	100
MK	Fjöldi	50	142	140	22	7	361
	%	13,9	39,3	38,8	6,1	1,9	100
FSu	Fjöldi	48	133	101	15	2	299
	%	16,1	44,5	33,8	5	0,7	100
MR	Fjöldi	77	174	186	133	33	603
	%	12,8	28,9	30,8	22,1	5,5	100
Samtals	Alls	198	595	660	241	59	1753
	%	11,3	33,9	37,6	13,7	3,4	100

Að meðaltali finnst 45% nemenda skólaumhverfi sitt mjög eða frekar aðlaðandi. Nemendur í FSu eru ánægðastir en 61% þeirra segja skólaumhverfið mjög eða frekar aðlaðandi. Samsvarandi tölur fyrir MK eru 53%, í MR 42%, 36% í ME og 34% í FÁ. Þeir sem telja skólaumhverfið frekar eða mjög óaðlaðandi eru flestir í MR, 28%, og svo í FÁ, 22%. Í ME er þetta hlutfall 11%, 8% í MK og 6% í FSu.

Þótt lægsta hlutfall þeirra sem eru ánægðir með umhverfi skólans sé í FÁ (34%) þá hefur ánægjan aukist mjög þar því aðeins 5% sögðust vera ánægðir með umhverfið í könnuninni 1998. Ánægjan hefur líka aukist í MK úr 42% í 53% en minnkað í ME úr 47% í 36%.

Ert þú hlynnt(ur) samræmdum prófum í framhaldsskóla?**Ert þú hlynnt(ur) samræmdum prófum í framhaldsskóla?**

		Nei	Já, í sumum greinum	Já, í öllum greinum	Alls
FÁ	Fjöldi	174	104	28	306
	%	56,9	34	9,2	100
ME	Fjöldi	91	76	17	184
	%	49,5	41,3	9,2	100
MK	Fjöldi	199	121	38	358
	%	55,6	33,8	10,6	100
FSu	Fjöldi	130	138	30	298
	%	43,6	46,3	10,1	100
MR	Fjöldi	284	244	75	603
	%	47,1	40,5	12,4	100
Samtals	Fjöldi alls	878	683	188	1749
	%	50,2	39,1	10,7	100

Um helmingur nemenda er hlynntur samræmdum prófum. Af þeim sem eru hlynntir samræmdum prófum vill mikill meirihluti (um 80%) samræmd próf í sumum greinum en ekki öllum.

Nokkur munur er á afstöðu nemenda til samræmdra prófa eftir skólum. Nemendur í FSu eru hlynntastir samræmdum prófum eða 56,4% en hlutfall jákvæðra er lægst meðal nemenda FÁ eða 43,2%. Í MR vildu 52,9 % samræmd próf, 50,5 í ME, og 44,8% í MK.

4. Líðan nemenda

Í spurningum 24-31 var spurt um íþróttaiðkun, hreysti, einelti, vinatengsl, fíkniefni og svefnvenjur. Í spurningunni um einelti var hugtakið ekki skilgreint fyrirfram en nemendur látnir ákvarða sjálfir hvað þeir upplifðu sem einelti.

Meirihluti nemenda stundar íþróttir utan skólans. Nemendur í ME virðast stunda íþróttir heldur meira en nemendur hinna skólanna. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur heldur dregið úr íþróttaiðkun nemenda í samanburðarskólunum þremur (FÁ, ME og MK).

Nemendur telja sig almennt heilsuhrausta og er lítill munur á milli skóla. Könnunin frá 1998 gefur nánast sömu niðurstöður.


Einn af hverjum fjórum nemendum telur sig hafa orðið fyrir einelti og lítill munur er á milli skóla. Hlutfall þeirra sem telur sig einhvern tímann hafa orðið fyrir einelti er örlítið hærra í FÁ en hinum skólunum. Nánast allir nemenda sögðust hafa orðið fyrir eineltinu í grunnskóla og oftast voru skólafélagar þeirra gerendur. Af þeim nemendum sem sögðust hafa orðið fyrir einelti sögðu tveir af hverjum tíu kennara hafa verið gerendur.

Langflestir þeirra sem sögðust hafa lagt aðra í einelti gerðu það í grunnskóla. Hlutfall þeirra nemenda sem beita eða verða fyrir einelti í framhaldsskóla er mjög lítið og það virðist aðallega vera vandamál í grunnskólanum. Ekki var spurt um einelti í könnuninni 1998.

Mikill meirihluti nemenda eiga að minnsta kosti þrjá góða vini í skólanum. Hlutfall vinalausra nemenda er áberandi hæst í FÁ. Ekki var spurt um fjölda vina í könnuninni 1998.

Tæplega helmingur nemenda hefur orðið var við notkun ólöglegra fíkniefna meðal skólafélaga sinna. Ekki var spurt sérstaklega um hvar fíkniefnaneyslan fór fram. Mikill munur kom fram á milli skóla. Algengast var að nemendur í MK yrðu varir við fíkniefnaneyslu en sjaldgæfast í ME. Ekki var spurt um fíkniefnaneyslu í könnuninni 1998.

Meirihluti nemenda fer að sofa um og eftir miðnætti. Nokkur munur er á svefnvenjum nemenda eftir skólum. Nemendur ME fara almennt seinna að sofa en nemendur annarra skóla. Hlutfall nemenda sem segist fara að sofa fyrir miðnætti er áberandi hæst í FSu. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur lítil breyting orðið á svefnvenjum nemenda í FÁ, ME og MK. Þó fara nemendur heldur seinna að sofa nú en þá.




Stundar þú íþróttir utan skólans?

		Já, 1-2 klst. á viku	Já, 3-6 klst. á viku	Já, 7 klst. á viku eða meira	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	51	68	64	123	306
	%	16,7	22,2	20,9	40,2	100
ME	Fjöldi	53	49	36	47	185
	%	28,6	26,5	19,5	25,4	100
MK	Fjöldi	52	84	112	113	361
	%	14,4	23,3	31	31,3	100
FSu	Fjöldi	60	79	56	104	299
	%	20,1	26,4	18,7	34,8	100
MR	Fjöldi	106	121	145	230	602
	%	17,6	20,1	24,1	38,2	100
Samtals	Alls	322	401	413	617	1753
	%	18,4	22,9	23,6	35,2	100

Að meðaltali segjast 65% stunda íþróttir utan skólans. Hlutfallið er hæst í ME, 75%, í MK 69%, í FSu 65%, 62% í MR og 60% í FÁ.


Hlutfall þeirra sem segjast stunda íþróttir hefur lækkað í öllum samanburðarskólunum frá 1998. Þá sögðust 72% stunda íþróttir utan skóla en nú er þetta hlutfall að meðaltali 67% í skólunum þremur.



Hversu heilsuhraust(ur) telurðu að þú sért?

		Mjög	Fremur	Ekki	Alls ekki	Alls
FÁ	Fjöldi	30	176	33	5	306
	%	30,1	57,5	10,8	1,6	100
ME	Fjöldi	57	109	18	1	185
	%	30,8	58,9	9,7	0,5	100
MK	Fjöldi	142	181	36	2	361
	%	39,3	50,1	10	0,6	100
FSu	Fjöldi	102	169	23	4	298
	%	34,2	56,7	7,7	1,3	100
MR	Fjöldi	208	341	44	9	602
	%	34,6	56,6	7,3	1,5	100
Samtals	Alls	601	976	154	21	1752
	%	34,3	55,7	8,8	1,2	100


Nemendur telja sig almennt fremur eða mjög heilsuhrausta. 10% nemenda telja sig hins vegar ekki eða alls ekki heilsuhrausta. Lítil munur er á milli skóla og ára í þessum efnum.



Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir einelti?

		Nei	Já	Alls
FÁ	Fjöldi	219	88	307
	%	71,3	28,7	100
ME	Fjöldi	138	48	186
	%	74,2	25,8	100
MK	Fjöldi	288	75	363
	%	79,3	20,7	100
FSu	Fjöldi	230	71	301
	%	76,4	23,6	100
MR	Fjöldi	475	129	604
	%	78,6	21,4	100
Samtals	Fjöldi alls	1350	411	1761
	%	76,7	23,3	100


Nálægt fjórðungur nemenda eða 23% telur sig hafa orðið fyrir einelti. Hlutfallið er nokkuð jafnt á milli skóla, hæst í FÁ, 29%, og lægst í MK og MR 21%.



Hef orðið fyrir einelti í grunnskóla

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	90	217	307
	%	29,3	70,7	100
ME	Fjöldi	47	139	186
	%	25,3	74,7	100
MK	Fjöldi	75	288	363
	%	20,7	79,3	100
FSu	Fjöldi	65	236	301
	%	21,6	78,4	100
MR	Fjöldi	124	480	604
	%	20,5	79,5	100
Samtals	Alls	401	1360	1761
	%	22,8	77,2	100

Stærstur hluti þeirra nemenda sem hefur orðið fyrir einelti varð fyrir því í grunnskóla. Af 411 nemendum sem hafa orðið fyrir einelti segjast 401 nemandi eða 98% hafa orðið fyrir því í grunnskóla.




Hef orðið fyrir einelti í framhaldsskóla

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	4	303	307
	%	1,3	98,7	100
ME	Fjöldi	2	184	186
	%	1,1	98,9	100
MK	Fjöldi	5	358	363
	%	1,4	98,6	100
FSu	Fjöldi	8	293	301
	%	2,7	97,3	100
MR	Fjöldi	11	593	604
	%	1,8	98,2	100
Samtals	Alls	30	1731	1761
	%	1,7	98,3	100

Þótt fjórðungur nemenda hafi orðið fyrir einelti er það sjaldgæft í framhaldsskólunum. Minna en 2% segjast hafi orðið fyrir einelti þar. Þótt hlutfallið sé hæst í FSu (2,7%) þá er ekki víst að eineltið hafi orðið í þeim skóla.


Af þeim 411 sem hafa orðið fyrir einelti hafa rúm 7% orðið fyrir því í framhaldsskóla.



Hef orðið fyrir einelti utan skóla

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	6	301	307
	%	2	98	100
ME	Fjöldi	2	184	186
	%	1,1	98,9	100
MK	Fjöldi	4	359	363
	%	1,1	98,9	100
FSu	Fjöldi	15	286	301
	%	5	95	100
MR	Fjöldi	16	588	604
	%	2,6	97,4	100
Samtals	Alls	43	1718	1761
	%	2,4	97,6	100


Greinilegt er að eineltið er fyrst og fremst í grunnskólum. Aðeins 2,4% nemenda töldu sig hafa orðið fyrir einelti utan skóla. Af þeim 411 sem segjast hafa verið beittir einelti segja 43 eða rúmlega 10% að þeir hafi orðið fyrir einelti utan skóla.



Hverjir beittu þig einelti? Skólafélagar?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	82	225	307
	%	26,7	73,3	100
ME	Fjöldi	43	143	186
	%	23,1	76,9	100
MK	Fjöldi	70	293	363
	%	19,3	80,7	100
FSu	Fjöldi	63	238	301
	%	20,9	79,1	100
MR	Fjöldi	117	487	604
	%	19,4	80,6	100
Samtals	Alls	375	1386	1761
	%	21,3	78,7	100


Líklegustu gerendur eineltis eru skólafélagar. Af þeim 411 sem hafa verið beittir einelti segja 375 eða 91% að skólafélagar hafi beitt því.



**Hverjir beittu þig einelti?
Kennari/kennarar?**

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	19	288	307
	%	6,2	93,8	100
ME	Fjöldi	14	172	186
	%	7,5	92,5	100
MK	Fjöldi	15	348	363
	%	4,1	95,9	100
FSu	Fjöldi	10	291	301
	%	3,3	96,7	100
MR	Fjöldi	19	585	604
	%	3,1	96,9	100
Samtals	Alls	77	1684	1761
	%	4,4	95,6	100


Af þeim 411 nemendum sem sögðu að þeir hafi verið beittir einelti segja 77 eða 19% að kennari eða kennarar hafi verið gerandi/gerendur. Rúmlega 4% af öllum nemendum (1761) segja kennara hafa beitt sig einelti.



Hverjir beittu þig einelti? Skólastjórnendur?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	6	301	307
	%	2	98	100
ME	Fjöldi	2	184	186
	%	1,1	98,9	100
MK	Fjöldi	3	360	363
	%	0,8	99,2	100
FSu	Fjöldi	2	299	301
	%	0,7	99,3	100
MR	Fjöldi	3	601	604
	%	0,5	99,5	100
Samtals	Alls	16	1745	1761
	%	0,9	99,1	100


Af þeim 411 nemendum sem sögðust hafa verið beittir einelti segja 16 eða 4% að skólastjórnandi hafi verið gerandi. Tæplega einn af hverju hundraði nemenda segja skólastjórnanda hafa beitt sig einelti.



Hverjir beittu þig einelti? Aðrir?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	5	302	307
	%	1,6	98,4	100
ME	Fjöldi	3	183	186
	%	1,6	98,4	100
MK	Fjöldi	3	360	363
	%	0,8	99,2	100
FSu	Fjöldi	6	295	301
	%	2	98	100
MR	Fjöldi	13	591	604
	%	2,2	97,8	100
Samtals	Alls	30	1731	1761
	%	1,7	98,3	100


Tæplega 2% nemenda segja aðra en skólafélaga, kennarar eða skólastjórnendur hafa beitt sig einelti. Af þeim 411 nemendum sem sögðust hafa verið beittir einelti segja 30 eða 7% aðra en kennara, skólastjórnendur og skólafélaga hafa beitt því.



Hefur þú sjálfur beitt einelti?

		Nei	Já	Alls
FÁ	Fjöldi	182	125	307
	%	59,3	40,7	100
ME	Fjöldi	119	67	186
	%	64	36	100
MK	Fjöldi	234	129	363
	%	64,5	35,5	100
FSu	Fjöldi	216	85	301
	%	71,8	28,2	100
MR	Fjöldi	437	167	604
	%	72,4	27,6	100
Samtals	Fjöldi alls	1188	573	1761
	%	67,5	32,5	100


Eins og áður hefur komið fram segjast 23% nemenda hafa verið beittir einelti. Þriðji hver nemandi (32,5%) telur sig hins vegar hafa beitt einelti. Fjórir af hverjum tíu nemendum (41%) sem nú eru í FÁ segjast hafa beitt einelti. Í MR og FSu er þetta hlutfall lægst, tæplega 30%.



Hef beitt einelti í grunnskóla

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	120	187	307
	%	39,1	60,9	100
ME	Fjöldi	66	120	186
	%	35,5	64,5	100
MK	Fjöldi	125	238	363
	%	34,4	65,6	100
FSu	Fjöldi	83	218	301
	%	27,6	72,4	100
MR	Fjöldi	156	448	604
	%	25,8	74,2	100
Samtals	Fjöldi alls	550	1211	1761
	%	31,2	68,8	100


Af öllum nemendum (1761) segjast 31% hafa beitt einelti í grunnskóla. Af þeim 573 nemendum sem hafa beitt einelti segjast 96% hafa beitt því þar.



Hef beitt einelti í framhaldsskóla

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	4	303	307
	%	1,3	98,7	100
ME	Fjöldi	4	182	186
	%	2,2	97,8	100
MK	Fjöldi	5	358	363
	%	1,4	98,6	100
FSu	Fjöldi	3	298	301
	%	1	99	100
MR	Fjöldi	14	590	604
	%	2,3	97,7	100
Samtals	Fjöldi alls	30	1731	1761
	%	1,7	98,3	100


Tæplega 2% framhaldsskólanemanna segjast hafa beitt einelti í framhaldsskólum. Af þeim 573 nemendum sem hafa beitt einelti segjast 5% hafa beitt því þar.



Hef beitt einelti utan skólans

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	10	297	307
	%	3,3	96,7	100
ME	Fjöldi	3	183	186
	%	1,6	98,4	100
MK	Fjöldi	8	355	363
	%	2,2	97,8	100
FSu	Fjöldi	5	296	301
	%	1,7	98,3	100
MR	Fjöldi	12	592	604
	%	2	98	100
Samtals	Fjöldi alls	38	1723	1761
	%	2,2	97,8	100


Rúmlega 2% nemenda hafa beitt einelti utan skólans. Af þeim 573 nemendum sem segjast hafa beitt einelti hafa 38 eða 7% hafa beitt því utan skóla.



Áttu góða vini í skólanum?

		Nei	Já, einn	Já, tvo	Já, fleiri en tvo	Alls
FÁ	Fjöldi	38	35	21	212	306
	%	12,4	11,4	6,9	69,3	100
ME	Fjöldi	5	11	12	158	186
	%	2,7	5,9	6,5	84,9	100
MK	Fjöldi	16	26	31	288	361
	%	4,4	7,2	8,6	79,8	100
FSu	Fjöldi	14	12	16	257	299
	%	4,7	4	5,4	86	100
MR	Fjöldi	25	40	55	483	603
	%	4,1	6,6	9,1	80,1	100
Samtals	Alls	98	124	135	1398	1755
	%	5,6	7,1	7,7	79,7	100

Tæplega 6% nemenda segjast ekki eiga vin eða vini í skólanum. Hér sker FÁ sig úr en þar segjast rúmlega 12% nemenda ekki eiga vin í skólanum. Í hinum skólunum fjórum er þetta hlutfall á bilinu 3-5%. Mikill meirihluti nemenda í skólunum fimm (frá 69-86%) á fleiri en tvo vini í skólanum.




Hefur þú orðið var/vör við notkun ólöglegra fíkniefna meðal skólafélaga þinna?

		Aldrei	Sjaldan	Oft	Alls
FÁ	Fjöldi	171	101	34	306
	%	55,9	33,0	11,1	100
ME	Fjöldi	141	40	4	185
	%	76,2	21,6	2,2	100
MK	Fjöldi	160	147	55	362
	%	44,2	40,6	15,2	100
FSu	Fjöldi	172	102	25	299
	%	57,5	34,1	8,4	100
MR	Fjöldi	317	218	67	602
	%	52,7	36,2	11,1	100
Samtals	Alls	961	608	185	1754
	%	54,8	34,7	10,5	100

Tæplega helmingur nemenda (45%) hefur orðið var við fíkniefnaneyslu meðal skólafélaganna. Algengast er það í MK eða 56%, en sjaldgæfast í ME eða 24%.

Í þéttbýlisskólunum þremur segjast 11-15% oft hafa orðið varir við fíkniefnaneyslu skólafélaganna en í FSu er þetta hlutfall 8% og í ME aðeins 2%.



Klukkan hvað ferð þú venjulega að sofa á virkum dögum?

		Fyrir 23.00	Um 23.00	Um 23.30	Um 24.00	Um 00.30	Um 1.00	Um 1.30	Eftir 1.30	Alls
FÁ	Fjöldi	7	40	44	101	50	44	15	4	305
	%	2,3	13,1	14,4	33,1	16,4	14,4	4,9	1,3	100
ME	Fjöldi	3	19	22	50	31	32	14	14	185
	%	1,6	10,3	11,9	27	16,8	17,3	7,6	7,6	100
MK	Fjöldi	5	49	73	92	66	54	10	9	358
	%	1,4	13,7	20,4	25,7	18,4	15,1	2,8	2,5	100
FSu	Fjöldi	30	73	68	78	25	17	5	4	300
	%	10	24,3	22,7	26	8,3	5,7	1,7	1,3	100
MR	Fjöldi	27	95	95	174	98	70	32	12	603
	%	4,5	15,8	15,8	28,9	16,3	11,6	5,3	2	100
Samtals	Alls	72	276	302	495	270	217	76	43	1751
	%	4,1	15,8	17,2	28,3	15,4	12,4	4,3	2,5	100

Algengast er að nemendur fari að sofa um eða eftir miðnætti (63%). 19% nemenda fara að sofa um eða eftir kl. 1. Þar er nokkur munur á milli skóla. Tæplega þriðjungur (32,5%) nemenda í ME segist fara að sofa um kl. 1 eða seinna en þetta hlutfall er langlægst í FSU 9%. Í hinum skólunum þremur er hlutfallið á milli 19-20%.

Meira en helmingur nemenda í FSu (57%) fer að sofa fyrir miðnætti á meðan þriðjungur (33%) nemenda í hinum skólunum fjórum fer að sofa fyrir miðnætti.

Svefnvenjur eru svipaðar og á árinu 1998. Könnunin þá sýndi að 37% nemenda í samanburðarskólunum þremur fór að sofa eftir miðnætti á virkum dögum en hlutfallið í þessum skólum er nú 40%.

5. Tekjuöflun og neysla nemenda

Spurningar 32-34 og 38-39 fjalla um launuð störf með námi, greiðslu námsbóka, bílaeign og notkun farsíma.

Nokkrar kannanir hafa verið gerðar hér á landi um launavinnu framhaldsskólanemenda með námi. Í könnunum sem gerðar voru á árunum 1987-1991 kom fram að frá 37% til 53% nemenda stundaði launaða vinnu með námi og að nemendur á höfuðborgarsvæðinu stunduðu frekar launaða vinnu en nemendur á landsbyggðinni (Þorbjörn Broddason o.fl., 1987, Þorlákur Helgason 1989, Jón Torfi Jónasson o.fl. 1990, Guðríður Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson 1991).

Kannanirnar sýna að launavinna nemenda hefur verið að aukast og í rannsókn Hannesar Í. Ólafssonar, Garðars Gíslasonar og Jóns Inga Sigurbjörnssonar, *Könnun á högum og viðhorfum framhaldsskólanema í þremur framhaldsskólum* frá 1998, (1999) kom fram að rúmlega 60% bóknámsnemenda stunduðu launaða vinnu með námi. Hæst var hlutfallið meðal nemenda í FÁ, þarnaest í MK en lægst í ME.

Meirihluti nemenda segist nú stunda launaða vinnu með námi. Hæst er hlutfallið meðal nemenda í FÁ en lægst í MR. Af þeim sem stunda launaða vinnu er hlutfall þeirra sem vinna 10 klst. eða meira á viku hæst meðal nemenda í FÁ en lægst meðal nemenda í MR. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur hlutfall nemenda sem stunda launaða vinnu með námi aukist í samanburðarskólunum þremur (FÁ, ME og MK).

Tæplega helmingur nemenda borgar fyrir námsbækur sínar sjálfur að öllu leyti. Nokkur munur er á milli skóla. Nemendur í ME og MK eru mun líklegri en aðrir að kosta námsbækurnar sínar að öllu leyti, en hlutfallið er lægst í MR. Lítil breyting hefur orðið á þessum útgjaldalið nemenda miðað við könnunina 1998. Þó hefur nemendum sem kosta námsbækurnar sínar að öllu leyti í skólunum þremur (FÁ, ME og MK) fækkað örlítið.


Um þriðjungur nemenda á bíl. Mikill munur er á milli skóla. Mest er bílaeign meðal nemenda í FÁ, en langminnst í MR. Bílaeign nemenda í samanburðarskólunum þremur (FÁ, ME og MK) hefur aukist nokkuð frá könnuninni 1998.

Nánast allir nemendur skólanna segjast eiga GSM síma þótt örlítill munur komi fram á milli skóla. Þannig segjast hlutfallslega flestir nemendur í FSu eiga GSM síma en hlutfallslega fæstir í MR. Ekki var spurt um GSM símaeign nemenda í könnuninni frá 1998.

Í samanburði við könnun sem Garðar Gíslason gerði á GSM símaeign og notkun meðal nemenda í MK í september árið 1999 kemur fram að GSM símaeign nemenda í MK hefur aukist úr 80% í rúmlega 93%.

Mikill meirihluti nemenda telur GSM símakostnað sinn vera undir 5000 krónum á mánuði, en töluverður munur kom fram á meðal skóla. Þannig eru nemendur MR hlutfallslega flestir þeirra sem eyða 2000 krónum eða minna í GSM símakostnað á

mánuði en nemendur FÁ hlutfallslega flestir þeirra sem eyða 5000 krónum eða meira á mánuði.




Stundar þú launaða vinnu með námi?

		Nei	1-5 klst. á viku	6-10 klst. á viku	11-20 klst. á viku	21-30 klst. á viku	31 klst. eða meira á viku	Alls
FÁ	Fjöldi	80	47	63	76	31	8	305
	%	26,2	15,4	20,7	24,9	10,2	2,6	100
ME	Fjöldi	95	26	33	20	6	5	185
	%	51,4	14,1	17,8	10,8	3,2	2,7	100
MK	Fjöldi	106	52	91	84	18	7	358
	%	29,6	14,5	25,4	23,5	5	2	100
FSu	Fjöldi	91	57	64	64	14	10	300
	%	30,3	19	21,3	21,3	4,7	3,3	100
MR	Fjöldi	345	112	88	45	11	3	604
	%	57,1	18,5	14,6	7,5	1,8	0,5	100
Alls	Fjöldi	717	294	339	289	80	33	1752
	%	40,9	16,8	19,3	16,5	4,6	1,9	100

Sex af hverjum tíu nemendum (59%) stunda launaða vinnu með námi. Hæst er hlutfallið í FÁ (74%) og það er mjög svipað í MK og FSU (70%). Í ME er hlutfallið hins vegar 49% og í MR 43%. Næstum fjórði hver nemandi (23%) vinnur meira en 10 klst. á viku með námi. Þetta hlutfall er hæst í FÁ (38%) en lægst í MR (10%). Í ME er hlutfallið 17% en 30% í MK og í FSU.

Samanburður við könnunina 1998 sýnir að hlutfall nemenda sem vinnur með námi hefur hækkað úr 60% í 74% í FÁ, úr 60% í 70% í MK og úr 40% í 49% í ME. Samtals hefur launavinna aukist í skólunum þremur úr 60% í 67%.




Borgar þú fyrir námsbækur þínar sjálf(ur)?

		Já	Að hluta	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	156	82	66	304
	%	51,3	27	21,7	100
ME	Fjöldi	122	52	11	185
	%	65,9	28,1	5,9	100
MK	Fjöldi	132	124	101	357
	%	37	34,7	28,3	100
FSu	Fjöldi	179	76	44	299
	%	59,9	25,4	14,7	100
MR	Fjöldi	195	196	213	604
	%	32,3	32,5	35,3	100
Samtals	Fjöldi alls	784	530	435	1749
	%	44,8	30,3	24,9	100

Þrír af hverjum fjórum nemendum (75%) borga sjálfir fyrir námsbækur sínar að hluta eða öllu leyti. Nokkur munur er á milli skóla. Þannig borga 95% nemenda á landsbyggðinni sjálfir fyrir námsbækurnar að hluta eða öllu leyti. Í FÁ er hlutfallið 88%, í MK 72% en í MR er það 65%.

Litlar breytingar hafa orðið frá könnuninni 1998. Þá sögðust 82% borga sjálfir fyrir námsbækurnar en nú segjast 79% í samanburðarskólunum þremur gera það.




Átt þú bíl?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	146	159	305
	%	47,9	52,1	100
ME	Fjöldi	62	123	185
	%	33,5	66,5	100
MK	Fjöldi	139	218	357
	%	38,9	61,1	100
FSu	Fjöldi	122	178	300
	%	40,7	59,3	100
MR	Fjöldi	73	530	603
	%	12,1	87,9	100
Samtals	Fjöldi alls	542	1208	1750
	%	31	69	100

Þrír af hverjum tíu nemendum (31%) á bíl. Bílæignin er mest í FÁ þar sem tæplega helmingur nemenda á bíl (48%) en bílæign nemenda í MR er áberandi lægst eða 12%.

Bílæign hefur aukist frá 1998 í öllum samanburðarskólunum. Í FÁ var hún 41% en er nú 48%, í MK var hún 32% en er nú 39% og í ME hefur hún aukist úr 26% í 33,5%. Samtals hefur bílæignin í samanburðarskólunum aukist frá 34% í 41%.




Áttu GSM síma?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	282	24	306
	%	92,2	7,8	100
ME	Fjöldi	169	17	186
	%	90,9	9,1	100
MK	Fjöldi	333	24	357
	%	93,3	6,7	100
FSu	Fjöldi	286	13	299
	%	95,7	4,3	100
MR	Fjöldi	515	89	604
	%	85,3	14,7	100
Samtals	Fjöldi alls	1585	167	1752
	%	90,5	9,5	100

Rúmlega níu af hverjum tíu nemendum (90,5%) á GSM síma. Hæst er hlutfallið í FSu eða 96% en lægst í MR eða 85%. Í hinum skólunum þremur er hlutfallið á milli 91%-93%.

Ekki var spurt um GSM símaeign í könnuninni 1998.



Ef þú svaraðir síðustu spurningu játandi, hver er þá GSM símakostnaður þinn á mánuði?

		Minna en 2 - 4 þúsund 2 þúsund	4 - 8 þúsund	9 þúsund eða meira	Alls	
FÁ	Fjöldi	97	111	64	11	283
	%	34,3	39,2	22,6	3,9	100
ME	Fjöldi	68	65	30	7	170
	%	40,0	38,2	17,6	4,1	100
MK	Fjöldi	129	139	59	7	334
	%	38,6	41,6	17,7	2,1	100
FSu	Fjöldi	118	119	40	10	287
	%	41,1	41,5	13,9	3,5	100
MR	Fjöldi	263	182	63	7	515
	%	51,1	35,3	12,2	1,4	100
Samtals	Alls	675	616	256	42	1589
	%	42,5	38,8	16,1	2,6	100

Langflestir (81%) segja GSM símakostnað sinn lægri en 5000 kr. á mánuði. Kostnaðurinn er minnstur hjá nemendum í MR en meira en helmingur þeirra (51%) segir símakostnað sinn 2000 kr. eða minni, en þetta hlutfall er samtals 38% í hinum skólunum fjórum. Næstum fimmti hver nemandi (19%) eyðir 5000 kr. eða meira í GSM símakostnað. Flestir þeirra eru í FÁ eða 27%, síðan koma í réttri röð; ME 22%, MK 20%, FSu 17% og fæstir í MR eða 14%.

6. Menningarheimur nemenda

Í spurningum 35-37 og 40 var spurt um bóklestur, heimsóknir á leiksýningar og listasöfn og sjónvarpsáhorf.

Nokkrar kannanir hafa verið gerðar hérlendis á menningarneyslu nemenda. Í könnun Hannesar Í. Ólafssonar frá 1991 kom í ljós munur á menningarneyslu nemenda eftir skólum að því er varðaði leikhúsferðir, heimsóknir á listasöfn og á bókalestri. Í könnun Þórodds Bjarnasonar og Þórólfs Þórlindssonar, *Tómstundir íslenskra ungmenna vorið 1992*, (1993) kom í ljós að framhaldsskólanemendur á höfuðborgarsvæðinu voru líklegri en nemendur utan þess til að fara í kvikmyndahús og leikhús og stunda myndlistasýningar. Munur á bókalestri, sjónvarps- og myndbandsáhorfun var hins vegar óverulegur.


Í könnun höfunda á högum og viðhorfum framhaldsskólanema í þremur framhaldsskólum frá 1998 (1999) kom fram að lítil munur var á sjónvarpsáhorfi, bókalestri og heimsóknunum á listasöfn milli nemenda skólanna.

Töluverður munur kom fram á menningarneyslu milli skóla í könnuninni nú. Um helmingur nemenda er að lesa einhverja bók sem ekki tilheyrir námsefninu. Nemendur MR skera sig úr en þar er hlutfall þeirra áberandi hæst. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur dregið nokkuð úr bókalestri nemenda í samanburðarskólunum þremur (FÁ, ME og MK).

Um helmingur nemenda sagðist hafa farið á leiksýningar á tímabilinu frá byrjun janúar 2001 og fram að þeim tíma er könnunin var lögð fyrir í mars 2001. Verulegur munur kom fram á milli skóla. Hlutfallið var áberandi hæst í MR en lægst í FÁ. Hlutfall nemenda sem fór á leiksýningar á tímabilinu var meira en tvisvar sinnum hærra í MR en í FÁ. Í könnuninni 1998 var spurt um leikhúsferðir en ekki leiksýningar og því er samanburður ekki raunhæfur.

Tæplega helmingur nemenda segist sækja listasöfn og sýningar. Töluverður munur er á milli skóla. Hlutfallið er hæst í MR en nokkuð lægra í hinum skólunum, lægst í FSu. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur hlutfall nemenda FÁ, ME og MK sem segjast sækja listasöfn og sýningar aukist.

Rúmlega helmingur nemenda segist horfa á sjónvarp 2 klst. á dag eða lengur. Töluverður munur kom fram á milli skóla. Sjónvarpsáhorfun er mest meðal nemenda í FSu en minnst meðal nemenda í MR. Í samanburði við könnunina frá 1998 hefur heldur dregið úr sjónvarpsáhorfi nemenda í samanburðarskólunum þremur (FÁ, ME og MK).




Ert þú að lesa einhverja bók sem ekki tilheyrir námsefninu?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	117	188	305
	%	38,4	61,6	100
ME	Fjöldi	75	110	185
	%	40,5	59,5	100
MK	Fjöldi	125	232	357
	%	35	65	100
FSu	Fjöldi	113	187	300
	%	37,7	62,3	100
MR	Fjöldi	348	255	603
	%	57,7	42,3	100
Samtals	Alls	778	972	1750
	%	44,5	55,5	100

Tæplega 45% nemenda eru að lesa bók sem ekki tilheyrir námsefninu. Hér sker MR sig úr en 58% nemenda þar segjast vera að lesa slíka bók. Hlutfallið í hinum skólunum er svipað eða frá 35%-38%.

Nokkuð hefur dregið úr bóklestri nemenda í samanburðarskólunum þremur. Árið 1998 sögðust 44% nemenda vera að lesa bók sem ekki tilheyrði námsefni en nú er hlutfallið 37%.




Hve oft hefur þú sótt leiksýningar frá áramótum?

		Aldrei	1 sinni	2 - 5 sinnum	6 sinnum eða oftar	Alls
FÁ	Fjöldi	226	52	24	2	304
	%	74,3	17,1	7,9	0,7	100
ME	Fjöldi	123	46	14	2	185
	%	66,5	24,9	7,6	1,1	100
MK	Fjöldi	204	103	48	2	357
	%	57,1	28,9	13,4	0,6	100
FSu	Fjöldi	184	96	19	1	300
	%	61,3	32	6,3	0,3	100
MR	Fjöldi	213	236	145	10	604
	%	35,3	39,1	24	1,7	100
Samtals	Alls	950	533	250	17	1750
	%	54,3	30,5	14,3	1	100

Tæplega helmingur nemenda eða 46% segist hafa farið á leiksýningar á árinu þegar könnunin var lögð fyrir í mars 2001. Langhæsta hlutfallið er í MR eða 65%. Í MK er hlutfallið 43%, í FSu 40%, í ME 33,5 og lægst er það í FÁ eða 26%.

Í könnuninni 1998 var spurt um leikhúsferðir en ekki leiksýningar og er því samanburður ekki fyllilega raunhæfur.




Hversu oft ferðu á listasöfn og sýningar?

		Aldrei	Stundum	Oft	Alls
FÁ	Fjöldi	188	111	6	305
	%	61,6	36,4	2	100
ME	Fjöldi	112	69	4	185
	%	60,5	37,3	2,2	100
MK	Fjöldi	223	126	6	355
	%	62,8	35,5	1,7	100
FSu	Fjöldi	190	107	2	299
	%	63,5	35,8	0,7	100
MR	Fjöldi	279	300	25	604
	%	46,2	49,7	4,1	100
Samtals	Alls	992	713	43	1748
	%	56,8	40,8	2,5	100

Rúmlega 43% nemenda segjast stundum eða oft sækja listasöfn og sýningar. Nemendur í MR skera sig úr en þar segjast 54% sækja listasöfn og sýningar. Í öllum hinum skólunum er þetta hlutfall hins vegar á milli 37%-38%.

Í samanburðarskólunum þremur hefur hlutfall þeirra sem segjast hafa sótt listasöfn og leiksýningar aukist frá 33% í 38% frá árinu 1998.



Hversu lengi horfir þú á sjónvarp að meðaltali á dag?

		Minna en eina klst.	1 klst.	2 klst.	3 klst.	4 klst. eða meira	Alls
FÁ	Fjöldi	71	64	107	47	17	306
	%	23,2	20,9	35	15,4	5,6	100
ME	Fjöldi	56	52	43	23	12	186
	%	30,1	28	23,1	12,4	6,5	100
MK	Fjöldi	77	101	117	41	21	357
	%	21,6	28,3	32,8	11,5	5,9	100
FSu	Fjöldi	58	69	101	51	20	299
	%	19,4	23,1	33,8	17,1	6,7	100
MR	Fjöldi	225	141	150	72	16	604
	%	37,3	23,3	24,8	11,9	2,6	100
Samtals	Alls	487	427	518	234	86	1752
	%	27,8	24,4	29,6	13,4	4,9	100

Rúmlega helmingur nemenda (52%) segist horfa á sjónvarp 2 klst. á dag eða meira. Nemendur í FSu eru þar hlutfallslega flestir eða 58%. Næstir koma nemendur í FÁ, 56%, svo MK, 50%, síðan ME 42% og fæstir í MR 39%. Sama á við þá sem horfa eina klst. eða meira. Þar eru nemendur í FSu hlutfallslega flestir, 81%, en nemendur í MR fæstir, 63%.

Nokkuð hefur dregið úr sjónvarpsáhorfi frá því 1998 en þá sögðust 58% horfa í 2 klst. eða meira á móti 50% nú í samanburðarskólunum þremur.

7. Tölvunotkun nemenda

Í spurningum 15-16 og 41-46 var spurt um ýmsa þætti er varða tölvur og notkun upplýsingatækni.

Mikill meirihluti nemenda hefur aðgang að tölvu með nettengingu á heimili sínu. Örlítt munur er á milli skóla en hlutfallslega flest heimili nemenda MK hafa þessa tengingu. Í könnuninni 1998 hafði aðeins þriðjungur nemenda nettengingu heima.

Hlutfall nemenda sem nota Netið mikið heima hjá sér (5 sinnum í viku eða oftar) er hæst meðal nemenda í MR en lægst meðal nemenda í FSu. Í könnuninni 1998 var spurt um þann tíma sem nemendur vorðu á Netinu en nú var spurt um fjölda heimsókna þangað og því er samanburður ekki raunhæfur.

Töluverður munur er milli skóla hvað varðar notkun á tölvubúnaði þar. Nemendur í FÁ nota tölvubúnaðinn mest en nemendur MR minnst. Af þeim nemendum sem segjast nota tölvubúnað skólans nær daglega eða oftar er hlutfallið mun hærra í FÁ, FSu og ME en í MK og MR.

Um fjórðungur nemenda hefur aðgang að fistölvum. Hæst er hlutfallið í FSu en lægst í ME. Hvorki var spurt um notkun á tölvubúnaði skólanna né aðgengi að fistölvum í könnuninni 1998.

Mikill meirihluti nemenda telur sig hafa nægjanlega kunnáttu á þau forrit sem notuð eru í skólunum. Hlutfall þeirra sem telja sig hafa mjög mikla kunnáttu er hæst meðal nemenda í MK og þar á eftir í MR. Hvorugur skólinn er þróunarskóli. Athygli vekur hversu hátt hlutfall nemenda í þróunarskólanum FSu telur sig hafa mjög litla eða enga kunnáttu á tölvuforrit sem notuð eru í skólanum. Sýna verður varkárni í túlkun þessara niðurstaðna því notkun skóla á tölvuforritum og kröfur um notkun þeirra geta verið mismunandi á milli skóla. Ekki var spurt um kunnáttu í notkun tölvuforríta í könnuninni 1998.


Nemendur telja almennt að góður aðgangur sé að tölvum í skólunum en nokkur munur er á milli skóla. Hæst hlutfall ánægðra er í þróunarskólunum tveimur, FÁ og FSu, en áberandi lægst meðal nemenda í MK. Ekki var spurt um aðgengi að tölvum í skólunum í könnuninni 1998.

Mikill munur kom fram á hvernig nemendur telja skólann sinna kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar. Nemendur þróunarskólanna eru ánægðastir að þessu leyti en nemendur í MR áberandi óánægðastir. Athygli vekur hversu hátt hlutfall nemenda í MK og ME telja sig ekki vita hvernig skólinn sinni kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar.

Tæplega helmingur nemenda tekur ekki afstöðu til spurningarinnar um hvort þeir muni nýta sér fjarkennslu sem hluta af námi stæði hún til boða. Af þeim sem taka afstöðu er hlutfall þeirra nemenda sem myndu nýta sér slíkt tilboð hæst í FÁ en langlægst í MR.

Meirihluti nemenda telur að kennarar noti tölvur og upplýsingatækni lítið sem ekkert í kennslugreinum sínum. Mikill munur kom fram á milli skóla. Um þriðjungur nemenda í þróunarskólum telur kennara nota upplýsingatæknina lítið en í MR er hlutfallið 9 af hverjum 10 nemendum.

Hefur þú aðgang að nettengingu þar sem þú býrð?




Hefur þú aðgang að tölvu með Internettengingu þar sem þú býrð?

		Nei	Já, en nota hana aldrei	Já, nota hana sjaldnar en vikulega	Já, nota hana 1-2 sinnum í viku	Já, nota hana 3-4 sinnum í viku	Já, nota hana 5-6 sinnum í viku	Já, nota hana einu sinni á dag	Já, nota hana oft á dag	Alls
FÁ	Fjöldi	52	15	42	53	51	24	40	29	306
	%	17	4,9	13,7	17,3	16,7	7,8	13,1	9,5	100
ME	Fjöldi	30	4	17	40	38	13	23	20	185
	%	16,2	2,2	9,2	21,6	20,5	7	12,4	10,8	100
MK	Fjöldi	30	13	49	86	57	32	43	47	357
	%	8,4	3,6	13,7	24,1	16	9	12	13,2	100
FSu	Fjöldi	53	6	44	70	60	19	25	23	300
	%	17,7	2	14,7	23,3	20	6,3	8,3	7,7	100
MR	Fjöldi	62	14	73	106	109	72	78	89	603
	%	10,3	2,3	12,1	17,6	18,1	11,9	12,9	14,8	100
Samt	Alls	227	52	225	355	315	160	209	208	1751
	%	13	3	12,8	20,3	18	9,1	11,9	11,9	100

Langflestir nemendur (87%) hafa aðgang að tölvu með nettengingu á heimili sínu. Lítil munur er á milli skóla. Hlutfallslega flestir þeirra eru í MK, 92%, svo MR, 90%, síðan ME 84%, FÁ 83% og FSu 82%. Hlutfall þeirra sem nota nettenginguna 5 sinnum í viku eða oftar er hæst í MR eða 38,5% en lægst í FSu eða 21%. Í MK er notkunin 34%, í FÁ 30% og í FSu 21%.

Aðgangur að Netinu á heimilum nemenda hefur stóraukist frá því 1998. Þá sögðust 36% nemenda hafa aðgang en nú segjast 87% hafa aðgang að tölvu með nettengingu heima hjá sér. Munurinn á milli ára er því 51%.




Notar þú tölvubúnað skólans?

		Já,					Alls
		Nei, aldrei	Næstum aldrei	einum sinni til tvisvar á viku	Já, þrisvar til fjórum sinnum á viku	Já, fimm sinnum á viku eða oftar	
FÁ	Fjöldi	17	81	91	72	46	307
	%	5,5	26,4	29,6	23,5	15	100
ME	Fjöldi	10	57	50	42	27	186
	%	5,4	30,6	26,9	22,6	14,5	100
MK	Fjöldi	67	159	102	28	7	363
	%	18,5	43,8	28,1	7,7	1,9	100
FSu	Fjöldi	15	106	86	50	44	301
	%	5	35,2	28,6	16,6	14,6	100
MR	Fjöldi	67	250	203	67	16	603
	%	11,1	41,5	33,7	11,1	2,7	100
Samtals	Alls	176	653	532	259	140	1760
	%	10	37,1	30,2	14,7	8	100

Rúmlega 47% nemenda segjast aldrei eða næstum aldrei nota tölvubúnað skólans. Nemendur í MK skera sig nokkuð úr en þar segjast 62% nota tölvubúnaðinn sjaldan eða aldrei. Nemendur í MR koma næstir en 53% nemenda þar nota tölvubúnaðinn sjaldan eða aldrei.

Tölvubúnaðurinn er mest notaður í FÁ en þar nota 68% hann einu sinni í viku eða oftar. Í ME nota 64% búnaðinn einu sinni í viku en hlutfallið í FSu er 60%.


Þegar nemendur sem nota tölvubúnað skólans daglega (fimm sinnum í viku eða oftar) eru skoðaðir ríkir nokkuð jafnræði milli FÁ, FSu og ME, en 15% nemenda í þessum skólum segjast nota búnaðinn daglega. FÁ og FSu eru þróunarskólar í tölvu og upplýsingatækni en ME ekki. Í MR er hlutfall nemenda sem nota búnað skólans daglega 3% og í MK er það 2%.



Átt þú eða hefur þú afnot af fartölvu?

		Já	Nei	Alls
FÁ	Fjöldi	73	233	306
	%	23,9	76,1	100
ME	Fjöldi	28	158	186
	%	15,1	84,9	100
MK	Fjöldi	88	274	362
	%	24,3	75,7	100
FSu	Fjöldi	110	190	300
	%	36,7	63,3	100
MR	Fjöldi	148	456	604
	%	24,5	75,5	100
	Alls	447	1311	1758
Samtals	%	25,4	74,6	100


Fjórðungur nemenda (25%) á eða hefur aðgang að fartölvu. Algengast er að nemendur í FSu hafi þennan aðgang eða 37% og þessi aðgangur er minnstur í ME, 15%. Í FÁ, MK og MR hafa 24% nemenda aðgang að fartölvu.



Hversu vel finnst þér þú kunna á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum?

		Ekkert	Mjög lítið	Frekar lítið	Nógu vel	Frekar mikið	Mjög mikið	Alls
FÁ	Fjöldi	18	36	43	133	52	24	306
	%	5,9	11,8	14,1	43,5	17	7,8	100
ME	Fjöldi	8	21	49	63	35	10	186
	%	4,3	11,3	26,3	33,9	18,8	5,4	100
MK	Fjöldi	14	37	59	141	61	45	357
	%	3,9	10,4	16,5	39,5	17,1	12,6	100
FSu	Fjöldi	10	52	71	104	40	23	300
	%	3,3	17,3	23,7	34,7	13,3	7,7	100
MR	Fjöldi	18	47	88	257	132	62	604
	%	3	7,8	14,6	42,5	21,9	10,3	100
Samtals	Alls	68	193	310	698	320	164	1753
	%	3,9	11	17,7	39,8	18,3	9,4	100

Meirihluti nemenda (68%) telur sig hafa nægilega tölvukunnáttu (þeir sem svara nógu vel, frekar mikið eða mjög mikið) til að mæta kröfum skólans í þeim efnum. Taka verður tillit til að kröfur skólanna geta verið mismunandi. Nemendur í MR telja sig helst hafa næga kunnáttu, 75%, en þetta hlutfall er lægst í FSu eða 56%. Í MK er hlutfallið 69%, í FÁ 68% og í ME 58%.




Hefur þú góðan aðgang að tölvum í þínum skóla?

		Nei	Já, nokkuð góðan	Já, mjög góðan	Alls
FÁ	Fjöldi	18	140	148	306
	%	5,9	45,8	48,4	100
ME	Fjöldi	7	103	74	184
	%	3,8	56	40,2	100
MK	Fjöldi	78	244	40	362
	%	21,5	67,4	11	100
FSu	Fjöldi	5	153	142	300
	%	1,7	51	47,3	100
MR	Fjöldi	40	326	238	604
	%	6,6	54	39,4	100
Samtals	Alls	148	966	642	1756
	%	8,4	55	36,6	100

Nemendur eru almennt sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum en 92% segja þennan aðgang nokkuð góðan eða góðan. Þarna sker MK sig frá hinum skólunum en 79% nemenda er sáttur við aðgengið miðað við 98% í FSu, 96% í ME, 94% í FÁ og 93% í MR.


Nemendur í þróunarskólunum í tölvu- og upplýsingatækni eru hlutfallslega flestir þeirra sem segja aðganginn mjög góðan. Hlutfallið er 48% í FÁ og 47% í FSu. Í ME og MR er hlutfallið 40% en í MK aðeins 11%.



Hvernig sinnir skólinn kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar?

		Illu	Nokkuð vel	Vel	Mjög vel	Veit ekki	Alls
FÁ	Fjöldi	20	99	83	60	45	307
	%	6,5	32,2	27	19,5	14,7	100
ME	Fjöldi	29	50	30	16	59	184
	%	15,8	27,2	16,3	8,7	32,1	100
MK	Fjöldi	76	115	81	15	74	361
	%	21,1	31,9	22,4	4,2	20,5	100
FSu	Fjöldi	31	112	82	35	40	300
	%	10,3	37,3	27,3	11,7	13,3	100
MR	Fjöldi	187	199	110	34	74	604
	%	31	32,9	18,2	5,6	12,3	100
Samtals	Alls	343	575	386	160	292	1756
	%	19,5	32,7	22	9,1	16,6	100

Af þeim sem taka afstöðu til þess hvernig skólinn sinnir kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar telja 77% nemendanna að skólinn sinni henni nokkuð vel, vel eða mjög vel. Hlutfallið er áberandi hæst í þróunarskólunum eða 92% í FÁ og 88% í FSu. Í ME er hlutfallið 77%, 74% í MK en aðeins 65% í MR. Hlutfall þeirra sem segja skólann sinna þessu mjög vel er 11% í öllum skólunum. Hæst er hlutfallið í FÁ, 22%, í FSu og ME er þetta hlutfall 13% en restina reka MR með 6% og MK með 5%.




Myndir þú nýta þér fjarkennslu sem hluta af skólanámi ef hún stæði til boða?

		Já	Nei	Veit ekki	Alls
FÁ	Fjöldi	176	37	93	306
	%	57,5	12,1	30,4	100
ME	Fjöldi	60	18	106	184
	%	32,6	9,8	57,6	100
MK	Fjöldi	153	67	141	361
	%	42,4	18,6	39,1	100
FSu	Fjöldi	112	52	136	300
	%	37,3	17,3	45,3	100
MR	Fjöldi	145	205	253	603
	%	24	34	42	100
Samtals	Alls	646	379	729	1754
	%	36,8	21,6	41,6	100

Hátt hlutfall nemenda eða 42% veit ekki hvort þeir myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða. Hlutfall þeirra sem tóku afstöðu og vildu nýta sér þennan möguleika er hæst í FÁ 83%. Í ME er þetta hlutfall 77%, í MK 70%, í FSu 68% en aðeins 41% í MR.

Hvernig finnst þér kennarar nýta sér tölvur og upplýsingatækni í kennslugreinum sínum?



Hvernig finnst þér kennarar nýta sér tölvur og upplýsingatækni í kennslugreinum sínum?

		Mjög mikið	Mikið	Lítið	Mjög lítið	Alls
FÁ	Fjöldi	33	175	82	12	302
	%	10,9	57,9	27,2	4	100
ME	Fjöldi	11	80	81	10	182
	%	6	44	44,5	5,5	100
MK	Fjöldi	12	124	175	48	359
	%	3,3	34,5	48,7	13,4	100
FSu	Fjöldi	43	155	93	8	299
	%	14,4	51,8	31,1	2,7	100
MR	Fjöldi	5	75	346	177	603
	%	0,8	12,4	57,4	29,4	100
	Alls	104	609	777	255	1745
Samtals	%	6	34,9	44,5	14,6	100

Rúmlega fjórir af hverjum tíu nemendum (41%) telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum. Mikill munur er á milli skóla og þróunarskólarnir eru hér í sérflokk. 69% nemenda í FÁ og 66% í FSu telja kennarana nota upplýsingatæknina mikið eða mjög mikið. Í ME er hlutfallið 50% og í MK er það 38%. Í MR er hlutfallið hins vegar aðeins 13%. 29% nemenda í MR segja kennarana nota tæknina mjög lítið en þetta hlutfall er að jafnaði 7% í hinum skólunum fjórum.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

1. Bakgrunnur nemenda og áform þeirra

Nemendur í FÁ eru eldri en nemendur í hinum framhaldsskólunum fjórum, þeir eru líklegri til að eiga börn og þeir hafa helst áður stundað nám í öðrum framhaldsskóla. Líklegasta skýringin á því að þeir hafa skipt um skóla er að þeir hafi tekið hlé frá námi.

Þegar samanburður er gerður við hina skólana á höfuðborgarsvæðinu (MK og MR) kemur í ljós að fæstir nemendur í FÁ búa hjá foreldrum sínum, þeir eru líklegastir til að hafa verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla og foreldrar þeirra hafa lokið styttri skólagöngu en foreldrar hinna skólanna tveggja.

Bóknámsnemendur í FÁ eru mun eldri en nemendur í hinum framhaldsskólunum fjórum. Að meðaltali eru 11% nemenda yfir tvítugt en í FÁ er þetta hlutfall 27%. Sá skóli sem kemur næstur FÁ með fjölda nemenda yfir tvítugt er MK með 13%. Hlutfallið í FÁ er þó lægra en í könnuninni 1998 en þá voru 33% nemenda þar yfir tvítugt.

Könnunin 1998 sýndi að 23% nemenda í FÁ áttu lögheimili utan suðvesturhornsins en þetta hlutfall hefur nú minnkað í 13,5%. Stundum hefur verið talað um skólann sem landsbyggðarskóla í Reykjavík vegna þess hve margir nemendur þar hafa átt lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Samanburður við könnunina frá 1998 bendir til þess að vægi skólans sem dreifbýlisskóla hafi minnkað.

Það er í samræmi við þessa breytingu að árið 1998 bjuggu 54% nemenda í FÁ hjá foreldrum en nú búa þar 69%. Hlutfallið er engu að síður mun lægra en í hinum skólunum á höfuðborgarsvæðinu en í MK búa 90% nemenda hjá foreldrum og í MR 93,5%.

Í FÁ er algengast að nemendur eigi börn en þar eiga 5,9% nemenda barn eða börn samanborið við 1,3% nemenda í hinum skólunum fjórum. Barnafólki í FÁ hefur fækkað frá 1998 en þá áttu 7,7% nemenda barn eða börn.

Hlutfall nemenda í FÁ sem hefur verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla hefur lækkað frá því sem það var 1998 úr 9,1% í 7,5%. Þetta hlutfall er í samræmi við hlutfallið í landsbyggðarskólunum en er hærra en í hinum skólunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem það er 2% í MR og 4,7% í MK.

Í FÁ er hæsta hlutfall nemenda sem hefur áður stundað nám í öðrum framhaldsskóla, 50%, en að meðaltali hafa 12% nemenda hinna skólanna áður verið í öðrum framhaldsskóla. 14% nemenda skólans hafa verið í tveimur eða fleiri skólum áður en þeir komu í FÁ. Algengasta orsök þess að nemendur í FÁ segjast hafa skipt um skóla er að þeir hafa tekið hlé frá námi. Hlutfall nemenda FÁ sem hefur skipt um skóla hefur minnkað frá árinu 1998 úr 54% í 50%.

Skólaganga foreldra nemenda í FÁ er styttri en meðaltalslengd í hinum skólunum. 34% mæðra nemenda í skólunum fimm hafa lokið háskólanámi en í FÁ er þetta hlutfall 19%. Þegar FÁ er borinn saman við hina skólana tvo á höfuðborgarsvæðinu þá má sjá að skólaganga mæðra í FÁ er mun styttri en í þeim. Samanborið við hlutfallið 19% í FÁ er það 30% í MK og 57% í MR. Hlutfall mæðra í skólunum fimm, sem hefur aðeins lokið skyldunámi er 29% en samsvarandi hlutfall í FÁ er 37%. Samanburður á menntun feðra sýnir svipaðar niðurstöður og samanburðurinn á menntun mæðra. Í FÁ hafa 20% feðra lokið háskólanámi, í MR 67%, í MK 37%, í ME 20% og í FSU 15%

2. Viðhorf til skóla

Nemendur í FÁ eru ánægðastir allra nemenda í skólunum fimm með samskipti sín við stjórnendur skólans og ánægjan hefur aukist frá fyrri könnun, 1998. Þeir eru nálægt meðaltali allra skólanna í heimalærdómi, notkun á bókasafni og fjarveru úr kennslustundum. Þeir eru langt undir meðaltali þeirra sem telja sig vera í nægilegu sambandi við umsjónarkennara. Nemendur skólans taka minnstan þátt í félagslífi skólans og þeir eru tregastir til að segja skólavistina skemmtilega. Þeir eru einnig ólíklegastir til að telja skólaumhverfið aðlaðandi en óánægja þeirra hefur þó minnkað mikið frá könnuninni 1998.

27,5% nemenda í FÁ segjast læra heima í hálfra klukkustund eða minna og 60% þeirra segjast læra í klukkustund eða minna. Þetta eru svipaðar tölur og að meðaltali í hinum skólunum en nokkuð lægri en í könnuninni 1998 þar sem 70% sögðust læra í eina klukkustund eða minna.

41,5% nemenda nota bókasafn skólans einu sinni í viku eða oftar en 9,5 nemenda segjast aldrei nota það. Þetta eru svipaðar tölur og í hinum skólunum.

44% nemenda skólans segjast vera í nægjanlegu sambandi við umsjónarkennara en það er næstlægsta hlutfallið og mun lægra en meðaltal allra skólanna (60%). Hlutfall þeirra sem segjast vera í nægilegu sambandi við umsjónarkennara hefur lækkað um 11% frá könnuninni 1998.

Nemendur skólans eru ánægðastir allra nemenda með samskiptin við stjórnendur skólans; 29% segja þau vera mjög góð og 67% segja þau mjög góð eða góð. Samsvarandi meðaltöl allra skólanna eru 23% og 55%. Ánægja nemenda með samskiptin við stjórnendur skólans hefur aukist frá því í könnuninni 1998.

Nemendur í FÁ segja sjaldnast allra nemenda að þeim finnst skólavistin skemmtileg. Þeir eru þó jákvæðari en þeir voru 1998 því þá sögðu 40% að þeim þætti skemmtilegt í skólanum á móti 50% nú.

Flestum finnst námið í FÁ vera eins og þeir áttu von á en hlutfall þeirra sem telja það erfiðara er örlítið hærra en hlutfall þeirra sem telja það auðveldara.

59% nemenda í FÁ segjast vera fjarverandi úr kennslustundum sjaldnar en einu sinni í viku og er það nálægt meðaltali í skólunum fimm. Nemendur skólans eru líka nálægt meðaltali þeirra sem segjast vera fjarverandi úr kennslustundum næstum daglega.

Áberandi er að nemendur FÁ taka síður þátt í félagslífi en nemendur hinna skólanna. Þannig segjast aðeins 46% nemendanna taka þátt í félagslífi sem er þó 8% meiri þátttaka en kom fram í könnuninni 1998.

Nemendur í FÁ segja sjaldnast allra að skólaumhverfið sé mjög eða frekar aðlaðandi. Hlutfall þeirra sem eru ánægðir með skólaumhverfið hefur þó aukist verulega frá könnuninni 1998. Þá sögðu aðeins 5% það vera aðlaðandi á móti 34% nú.

3. Líðan nemenda

Nemendur í FÁ eru ólíklegastir nemenda í skólunum fimm til að eiga vin í skólanum. Þeir eru ólíklegastir til að stunda íþróttir utan skólans, þeir eru líklegastir til að segja sig ekki eða alls ekki heilsuhrausta og þeir hafa helst orðið fyrir eða beitt einelti einhvern tímann. Svefntími þeirra er svipaður og í öðrum skólum og þeir eru einna ólíklegastir nemenda á höfuðborgarsvæðinu til að hafa orðið varir við fíkniefnaneyslu meðal skólafélaga sinna.

Nemendur í FÁ segjast minnst nemenda í skólunum fimm stunda íþróttir utan skólans og hefur hlutfall þeirra sem gera það lækkað úr 67% 1998 og í 60% í könnuninni nú. Þeir eru einnig líklegastir til að telja sig ekki eða alls ekki heilsuhrausta. Lítil munur er þó á skólunum fimm í þeim efnum.

Nemendur FÁ segjast helst nemenda allra skólanna einhvern tímann hafa orðið fyrir einelti en hér er líka lítill munur á skólum. Það hefur helst áhrif á fjölda þeirra sem hafa orðið fyrir einelti að eineltið fór fram í grunnskóla. Nemendur í FÁ eru einnig líklegastir til að hafa einhvern tímann beitt einelti en 40% nemenda skólans segjast hafa verið gerendur í einelti, í næstum öllum tilvikum í grunnskóla.

Rúmlega 12% nemenda í FÁ segjast ekki eiga vin í skólanum. Þetta er langhæsta hlutfall í skólunum fimm.

Fíkniefnaneysla meðal nemenda skólans virðist svipuð og í hinum skólunum fimm og ef skólarnir á höfuðborgarsvæðinu eru skoðaðir sérstaklega þá er sjaldgæfast að nemendur í FÁ segist hafa orðið varir við ólöglega fíkniefnaneyslu meðal skólafélaga.

21% nemenda skólans segjast fara að sofa um eða eftir kl. 01 á virkum dögum. Þetta er ívið hærra hlutfall en 1998 en mjög svipað og meðaltal úr hinum skólunum.

4. Tekjuöflun og neysla nemenda

Nemendur í FÁ eru líklegastir til að stunda launaða vinnu með námi og eru hlutfallslega flestir þeirra sem stunda launuð störf meira en 10 klst. í hverri viku. Þeir eru líklegastir til að eiga bíl og greiða hæsta GSM símakostnaðinn.

74% nemenda FÁ stunda launaða vinnu með námi. Það er hæsta hlutfall í skólunum fimm og hefur aukist um 14% frá því í könnuninni 1998. Nemendur FÁ eru líka hlutfallslega flestir þeirra sem vinna mest en 38% þeirra stunda launuð störf meira en 10 klst. í hverri viku en meðaltalið í skólunum fimm er 23%.

Rúmlega helmingur nemenda FÁ (51%) kaupa námsbækur sínar að öllu leyti sjálfir. Þetta er yfir meðaltali í skólunum fimm en lægra en það var í könnuninni 1998.

Bílaeign er mest í FÁ því að tæplega helmingur nemenda á bíl (48%) en meðalbílaeign í skólunum fimm er 31%. Í könnuninni 1998 sögðust 41% nemenda skólans eiga bíl.

Meira en níu af hverjum tíu (92%) nemendum skólans eiga GSM síma. Þetta hlutfall er rétt yfir meðaltali í skólunum fimm. Í FÁ er fjölmennasti hópur þeirra (27%) sem segja símakostnað sinn vera yfir 5000 kr. á mánuði.

5. Menningarheimur nemenda

Nemendur í FÁ eru ólíklegastir nemendanna í skólunum fimm til að hafa sótt leiksýningar á árinu sem könnunin var gerð en þeir eru líkir meðaltalsnemendum í ME, MK og FSu að því er varðar bóklestur, heimsóknir á listasöfn og sjónvarpsáhorf.

Þegar könnunin var gerð sögðust 38% nemenda FÁ vera að lesa bók sem ekki tilheyrði námsefninu. Þetta hlutfall er undir meðallagi í skólunum fimm (44,5%) en í þessu efni er FÁ meðal fjögurra líkra skóla. Bóklestur nemenda skólans er ívið minni en hann var árið 1998 (40%).

Rúmlega fjórðungur nemenda skólans (26%) segist hafa farið á leiksýningu frá áramótum og fram til þess að könnunin var gerð. Þetta er lægsta hlutfall í skólunum fimm og 8% minna en í ME sem var með næstlægsta hlutfall leiksýninga.

38% nemenda í FÁ segjast stundum eða oft sækja listasöfn og sýningar. Þetta er mun lægra en meðaltalið (57%) í skólunum fimm en ívið herra en það var í könnuninni 1998 (34%).

Meira en helmingur nemenda FÁ (56%) segist horfa á sjónvarp í 2 klst. á dag eða meira. Þetta er yfir meðaltali áhorfs í skólunum fimm en ívið lægra hlutfall en það var í könnuninni 1998 (59%).

6. Tölvunotkun nemenda

Nemendur skólans eru hlutfallslega flestir þeirra sem segja aðgang að tölvum í skólanum vera mjög góðan, þeir eru flestir þeirra sem segja skólann sinna kennslu í notkun tölvu og hugbúnaðar mjög vel, þar er hæsta hlutfall þeirra nemenda sem segjast myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða, þar er hæsta hlutfall þeirra sem telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum og þeir nota tölvubúnað skólans mest allra nemenda í skólunum fimm.

Aðgangur nemenda í FÁ að nettengingu á heimilum þeirra hefur stórukist frá því 1998 og meiri hluti nemendanna telur sig kunna a.m.k. nóg á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum. Tæplega fjórðungur nemendanna hefur aðgang að fartölvum.

Flestir nemendur FÁ (83%) hafa aðgang að tölvu með nettengingu á heimili sínu. Þetta er ívið lægra en meðaltalið í skólunum fimm en aðgangurinn hefur stórukist frá því 1998 en þá sögðust aðeins 32% nemenda skólans hafa þennan aðgang.

Meirihluti nemenda FÁ (68%) telur sig kunna nóg, frekar mikið eða mjög mikið á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum.

Nemendur í FÁ eru hlutfallslega flestir þeirra sem segja aðgang að tölvum í skólanum vera mjög góðan (48%).

Nemendur í FÁ eru hlutfallslega flestir þeirra sem segja skólann sinna kennslu í notkun tölvu og hugbúnaðar mjög vel (22%).

Í FÁ er hæsta hlutfall þeirra nemenda sem segjast myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða (83%).

Nemendur í FÁ eru hlutfallslega flestir þeirra sem telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum (69%).

Nemendur í FÁ nota tölvubúnað skólans mest allra nemenda en 68% segjast nota hann einu sinni í viku eða oftar og 15% segjast nota hann daglega.

Tæplega fjórði hver nemandi skólans (24%) segist hafa aðgang að fartölvu en það er nálægt meðaltalinu (25%) í öllum skólunum.

Menntaskólinn á Egilsstöðum

1. Bakgrunnur nemenda og áform þeirra

Næstum allir nemendur ME eiga lögheimili á Austurlandi. Fjöldi nemenda sem á barn eða börn er svipaður og meðaltalið í hinum skólunum. Sama má segja um fjölda nemenda sem hefur verið lengur en fimm ár í framhaldsskóla og fjölda nemenda sem hefur stundað nám í öðrum framhaldsskóla. Skólaganga foreldra er næst styst þegar miðað er við hina skólana og nemendur ME vita síst allra hver menntun foreldra þeirra er.

Í ME er 10% nemenda yfir tvítugt sem er svipað og meðaltalið í skólunum fimm. Næstum allir nemendurnir (98%) eiga lögheimili á Austurlandi. Algengast er að þeir búi hjá foreldrum eða á heimavist. 2% nemendanna á barn eða börn en það er sama hlutfall og meðaltalshlutfallið í skólunum fimm.

Nemendum í ME sem hafa verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla hefur fjölgað mjög frá könnuninni 1998. Þeir voru þá 0,5% en eru nú 7%.

Næstum fimmti hver nemandi (19,5%) ME hefur stundað nám í öðrum framhaldsskóla. Þetta er svipað hlutfall og meðaltalið í skólunum fimm. Nemendur ME segjast helst hafa skipt um skóla vegna þess að þeir vildu skipta um umhverfi.

Þegar skólaganga foreldra nemendanna er borin saman í skólunum er nærtækast að miða við aðra skóla en MR sem nýtur algjörRAR sérstöðu. Að meðaltali hafa mæður í hinum skólunum fjórum tekið háskólapróf í 21% tilvika en í ME er þetta hlutfall 18%, næst lægst á undan FSu. Að meðaltali hafa feður tekið háskólapróf í 26% tilvika í skólunum fjórum en í ME er hlutfallið 20% og aftur næst lægst á undan FSu. Nemendur í ME vita síst allra nemenda hver menntun foreldra þeirra er.

2. Viðhorf til skóla

Hátt hlutfall nemenda í ME er í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara og þátttaka nemenda í félagslífi skólans er mikil. Heimalærdómur, viðhorf til hvort gaman sé í skólanum, fjarverur og ánægja með skólastjórnendum mælist nálægt meðaltali. Nemendur eru hins vegar ekki ánægðir með umhverfi skólans og þeir nota bókasafnið minnst allra. Hópur nemenda sem telur námið auðveldara en þeir áttu von á er stærri í ME en sá hópur sem telur námið erfiðara

Rúmlega fjórðungur (27%) nemenda ME segist læra heima í hálfu klukkustund eða minna og 53% þeirra segjast læra í klukkustund eða minna. Þessir hópar eru næstfámennastir í ME en nokkurn veginn í samræmi við meðaltöl skólanna fimm (27% og 54%).

Nemendur ME nota bókasafn skólans minnst allra en 77% þeirra segjast aldrei eða næstum aldrei nota það og er það 17% undir meðaltali allra skólanna. Aðeins 4%

nemendanna notar bókasafnið þrisvar eða oftar í viku en meðaltal skólanna fimm er þar 8,5%.

Hátt hlutfall nemenda segist vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara eða 77% miðað við meðaltalið 60% í skólunum fimm. Hlutfallið er nokkurn veginn það sama og það var í könnuninni 1998.

57,5% nemenda skólans telja að samskipti við skólastjórnendur séu góð eða mjög góð og er það svipað og meðaltal skólanna fimm (55%). Ánægja nemenda með samskipti við stjórnendur hefur aukist um 11% frá könnuninni 1998.

64% nemenda í ME segja skólavistina skemmtilega en það er aðeins hærra en meðaltalið úr öllum skólunum (62,5%). Flestum (73%) finnst námið hvorki erfiðara né auðveldara en þeir áttu von á en það er aðeins í ME sem fleiri telja að námið sé auðveldara en þeir áttu von á (16%) en þeir sem telja að það sé erfiðara (11%).

53% nemenda í ME segjast vera fjarverandi sjaldnar en einu sinni í viku. Þetta er næst lægsta hlutfall í skólunum fimm en meðaltal þeirra er 60%. Næstum helmingur nemenda (47%) segist vera fjarverandi einu sinni í viku eða oftar. Þetta er 8% hærra en meðaltalið í skólunum fimm.

Þátttaka í félagslífi skólans er mikil í ME en 73% nemenda segjast taka þátt í því. Meðaltal allra skólanna er 65%. Þetta er svipuð þátttaka í ME og mældist í könnuninni 1988.

Að meðaltali finnst 45% nemenda skólaumhverfi sitt mjög eða frekar aðlaðandi en nemendur í ME eru talsvert undir því með 36%. Hlutfallið hefur lækkað úr 47% árið 1998.

3. Líðan nemenda

Íþróttaiðkun utan skólans er hlutfallslega mest í ME og þar er sjaldgæfast að nemendur telji sig ekki eiga vin í skólanum. Þar er einnig sjaldgæfast að nemendur hafi orðið varir við fíkniefnaneyslu meðal skólafélaganna. Nemendur ME fara mun síðar að sofa en nemendur hinna skólanna.

Hlutfall þeirra sem stunda íþróttir utan skólans er hæst í ME eða 75% miðað við meðaltalið 65% í skólunum fimm. Íþróttaiðkun hefur þó minnkað um 8% frá því í könnuninni 1998. Hreysti nemenda skólans er svipuð og í hinum skólunum en 89% nemendanna telja sig fremur eða mjög heilsuhrausta.

Rúmlega fjórðungur (26%) nemenda ME telja sig hafa orðið fyrir einelti. Hlutfallið er nokkuð jafnt á milli skóla en meðaltalið er 23%. Það hefur helst áhrif á fjölda þeirra sem hafa orðið fyrir einelti að eineltið fór fram í grunnskóla. Nemendur ME segja helst að kennarar hafi beitt þá einelti (7,5%).

Í ME er algengast að nemendur telji sig eiga góðan vin í skólanum en 3% nemenda telja sig ekki eiga vin þar. Meðaltalið í skólunum fimm er 6%.

Það er sjaldgæfast í ME að nemendur telji sig hafa orðið vara við fíkniefnaneyslu meðal skólafélaganna. Tæplega fjórðungur (25%) nemenda þar segist hafa orðið var við hana en það er langt frá meðaltalinu 45%.

Nemendur í ME vaka lengst á kvöldin. Í skólunum fimm fara 19% nemenda að sofa á virkum dögum um eða eftir kl 1 en í ME fer tæplega þriðjungur (32,5%) nemenda að sofa þá eða seinna. Tæplega 8% nemenda skólans fara að sofa eftir kl 1:30 en meðaltalið í öllum skólunum er 2,5%. Þetta er lítil sem engin breyting frá könnuninni 1998.

4. Tekjuöflun og neysla nemenda

Nemendur í ME eru líklegastir til að kaupa námsbækur sínar sjálfir, GSM símaeign þeirra er nálægt meðallagi og sama má segja um símakostnað þeirra. Bílaeign þeirra er einnig nálægt meðallagi en þeir stunda síður en nemendur hinna skólanna launaða vinnu með námi

Í ME stunda 49% nemenda launaða vinnu með námi en það er nokkuð undir meðaltalinu í skólunum fimm (59%). Vinna hefur þó aukist um 9% í ME frá könnuninni 1998. 17% nemenda skólans vinna meira en 10 klst. á viku en þar er meðaltal skólanna 23%.

Tæplega tveir af hverjum þremur nemendum ME (66%) kaupa námsbækur sínar sjálfir. Þetta er hæsta hlutfall í skólunum fimm og 21% hærra en meðaltal þeirra allra (45%). Í könnuninni 1998 sögðust 70% nemenda skólans kaupa bækurnar sjálfir.

Þriðjungur (33,5%) nemenda í ME á bíl en meðalbílaeign í skólunum fimm er 31%. Í könnuninni 1998 átti rúmlega fjórðungur (26%) nemenda skólans bíl.

Níu af hverjum tíu (90%) nemendum ME á GSM síma. Þetta er sama hlutfall og í öllum skólunum fimm. 22% nemenda skólans eyða 5000 kr. eða meira í GSM símakostnað á mánuði.

5. Menningarheimur nemenda

Nemendur í ME eru líkir meðaltalsnemendum í FÁ, MK og FSu að því er varðar bóklestur, heimsóknir á listasöfn og á leiksýningar. Sjónvarpsáhorf þeirra mælist undir meðaltali.

Þegar könnunin var gerð voru 40,5% nemenda ME að lesa bók sem ekki tilheyrði námsefninu. Þetta hlutfall er undir meðallagi í skólunum fimm (44,5%) en þó næst hæst þeirra. Bóklestur í skólanum mælist lægri en í könnuninni 1998 en þá var hann 45%.

Priðjungur (33,5%) nemenda skólans hefur farið á leiksýningu frá áramótum og fram til þess að könnunin var gerð. Þetta er langt undir meðaltalinu í skólunum fimm (45%) en þó svipað og meðaltal þriggja annarra skóla.

Fjórir af hverjum tíu (40,5%) nemendum í ME segjast stundum eða oft sækja listasöfn og sýningar. Þetta er hærra hlutfall en mældist í könnuninni 1998 og næst hæsta hlutfall sem mældist í skólunum fimm. Þetta er þó langt undir meðaltalinu (57%) í öllum skólunum.

Rúmlega fjórir af hverjum tíu (42%) nemendum skólans segjast horfa á sjónvarp í 2 klst. á dag eða meira. Þetta er þó nokkuð undir meðaltalsáhorfi í skólunum fimm (52%) og mun lægra en það var í könnuninni 1998 (55%).

6. Tölvunotkun nemenda

Tölvunotkun og tölvuþekking nemenda í ME er með svipuðu sniði og meðaltalið í hinum skólunum. Nemendur skólans eru yfir meðaltali þeirra nemenda sem myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða en nemendur skólans eru undir meðaltali þeirra nemenda sem telja sig hafa tölvukunnáttu til að mæta kröfum síns skóla í þessum efnum.

Flestir nemendur ME (84%) hafa aðgang að tölvu með nettengingu á heimili sínu. Þetta er ívið lægra en meðaltalið í skólunum fimm (87%) en aðgangurinn hefur stóruaukið frá því 1998. Þá sögðust aðeins 35% nemenda skólans hafa þennan aðgang.

Meirihluti (58%) nemenda í ME telur sig hafa nóga, frekar mikla eða mikla tölvukunnáttu til að mæta kröfum síns skóla í þessum efnum. Þetta er undir meðaltalinu 68%.

Nemendur ME eru mjög sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum. 94% þeirra segja aðganginn mjög góðan eða nokkuð góðan en þar er meðaltalið 92%.

Af þeim sem taka afstöðu til þess hvernig skólinn sinni kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar þá telja 77% nemenda í ME að skólinn sinni henni nokkuð vel, vel eða mjög vel. Þetta hlutfall er það sama og meðaltalið í öllum skólunum. Nemendur ME vita síst allra hvernig skólinn sinnir þessari kennslu.

Í ME er hæsta hlutfall (58%) þeirra sem vita ekki hvort þeir myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða. Hlutfall þeirra nemenda skólans sem taka afstöðu og myndu nýta sér þennan möguleika er næsthæst í ME, 77%, en meðaltal skólanna fimm er 63%.

Helmingur nemenda (50%) ME telur að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum. Þetta er yfir meðaltalinu 41%.

Í ME er næst hæsta hlutfall (64%) þeirra nemenda sem notar tölvubúnað skólans einu sinni í viku eða oftar.

Í ME hafa nemendur síst aðgang að fartölvu. 15% nemenda skólans hafa þennan aðgang en meðaltalið í skólunum fimm er 25%.

Menntaskólinn í Kópavogi

1. Bakgrunnur nemenda og áform þeirra

Flestir nemenda MK búa í Kópavogi eða á höfuðborgarsvæðinu og í skólanum er næst hæsta hlutfall þeirra nemenda sem búa hjá foreldrum. Hlutfall nemenda yfir tvítugu er nálægt meðaltali skólanna fimm og sama má segja um hlutfall nemenda sem hafa verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla. Skólaganga foreldra nemendanna í MK er næstlengst á eftir MR.

Í MK er hlutfall nemenda yfir tvítugt 13% sem er aðeins hærra en meðaltalið í skólunum fimm (11%). Í skólanum er næst lægsta hlutfall nemenda sem hefur verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla. Það er nú 5% (sem er reyndar sama hlutfall og í skólunum öllum), örlítið hærra en í könnuninni 1998.

Yfir 90% nemenda MK á lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og 77% á lögheimili í Kópavogi. Níu af hverjum tíu nemendum búa hjá foreldrum og er það næst hæsta hlutfallið í skólunum fimm. 2% nemendanna eiga barn eða börn og er það svipað meðaltalinu.

Næstum fimmti hver nemandi (19%) MK hefur stundað nám í öðrum framhaldsskóla. Þetta er sama hlutfall og meðaltalið í skólunum fimm. Betra námsframboð er meginástæða þess að nemendur hafa komið í MK úr öðrum framhaldsskólum.

Þegar skólaganga foreldra nemendanna er borin saman í skólunum er nærtækast að miða við aðra skóla en MR sem nýtur algjörrar sérstöðu. Að meðaltali hafa mæður í hinum skólunum fjórum tekið háskólapróf í 21% tilvika en í MK er þetta hlutfall 30% og hæsta hlutfall af skólunum fjórum. Sama má segja um feðurna. Að meðaltali hafa feður tekið háskólapróf í 26% tilvika í skólunum fjórum en í MK er hlutfallið 37%.

2. Viðhorf til skóla

Nemendur í MK nota bókasafnið yfir meðaltali skólanna fimm. Þátttaka þeirra í félagslífi mælist nálægt meðaltalinu. Sama má segja um álit þeirra á umhverfi skólans og viðhorf til þess hvort gaman sé í skólanum. Nemendur MK virðast verja minnstum tíma í heimalærdóm, þeir segja helst að þeir séu ekki í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara, þeir eru ósáttastir við samskiptin við skólastjórnendur og þeir mælast helst með fjarvistir.

Nemendur MK eru hlutfallslega flestir í þeim hópi sem lærir heima í hálfra klst. eða minna (34,5% miðað við meðaltalið 27%). Þeir eru líka flestir í hópnum sem lærir heima í eina klst. eða minna og fæstir í þeim hópi sem lærir heima í 2 klst. eða meira. Hlutfall þeirra nemenda sem lætur sér nægja að lesa í eina klst. eða minna hefur þó minnkað um 10% frá því í könnuninni 1998.

Næstum helmingur (48%) nemenda MK notar bókasafn skólans einu sinni í viku eða oftar og er það 10% yfir meðaltali skólanna fimm. Nemendur skólans eru líka vel yfir meðaltali þeirra sem nota bókasafnið þrisvar í viku eða oftar.

Aðeins 39% nemenda MK segjast vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara en það er lægsta hlutfallið og mun lægra en meðaltal allra skólanna (60%). Hlutfall þeirra sem segjast vera í nægilega góðu sambandi við umsjónarkennara hefur lækkað um 11% frá könnuninni 1998.

Nemendur MK eru ósáttastir nemenda í skólunum fimm við samskipti við stjórnendur. 47% nemenda skólans telja að samskipti við skólastjórnendur séu góð eða mjög góð en meðaltal allra skólanna er hér 55%. Rúmlega 10% nemenda skólans segja að samskiptin við skólastjórnendur séu slæm eða mjög slæm. Ánægja með samskiptin hefur þó aukist um 10% frá því í könnuninni 1998.

Nálægt sex af hverjum tíu (59%) nemendum í MK segja skólavistina skemmtilega en það er aðeins lægra en meðaltalið úr öllum skólunum (62,5%). Flestum (74%) finnst námið hvorki erfiðara né auðveldara en þeir áttu von á og er það í samræmi við væntingarnar í hinum skólunum.

Nemendur í MK eru hlutfallslega fæstir þeirra sem segjast vera fjarverandi sjaldnar en einu sinni í viku, 52% (meðaltalið í skólunum fimm er 60%). Þeir eru líka líklegastir til að vera næstum daglega fjarverandi úr kennslustundum.

Þátttaka nemenda í MK í félagslífi (62%) er nálægt meðaltalinu (65%) úr skólunum fimm og samanburður við könnunina frá 1998 sýnir að þátttakan er mjög svipuð á milli ára.

Rúmlega helmingur nemenda MK (53%) telur skólaumhverfið mjög eða frekar aðlaðandi. Samsvarandi hlutfall fyrir skólana fimm er 45%. Ánægjan hefur aukist í MK frá könnuninni 1998 en þá töldu 42% skólaumhverfið mjög eða frekar aðlaðandi.

3. Líðan nemenda

Hvað varðar þætti sem tengjast líðan nemenda þá mælast nemendur MK í flestum tilvikum nærri meðaltali í skólunum fimm. Íþróttaiðkun í MK er næst mest í skólunum öllum. Reynsla af einelti er mjög svipuð og í hinum skólunum og sama má segja um svefnvenjur og vinatengsl. Það er hins vegar algengast í MK að nemendur hafi orðið varir við fíkniefnaneyslu skólafélaganna.

Íþróttaiðkun í MK er næst mest í skólunum fimm. 69% stunda íþróttir utan skólans miðað við meðaltalið 65% í skólunum fimm. Íþróttaiðkun nemendanna er svipuð og hún mældist í könnuninni 1998. Hreysti nemenda skólans er einnig svipuð og í hinum skólunum en 89% nemendanna telja sig fremur eða mjög heilsuhrausta.

21% nemenda MK telur sig hafa orðið fyrir einelti. Hlutfallið er nokkuð jafnt á milli skóla en meðaltalið er 23%. Það hefur helst áhrif á fjölda þeirra sem hafa orðið fyrir einelti að eineltið fór fram í grunnskóla.

Rúm 4% nemenda í MK telja sig ekki eiga góðan vin í skólanum. Þetta er undir meðaltalinu sem er tæp 6% í skólunum öllum.

Það er algengast í MK að nemendur hafi orðið varir við fíkniefnaneyslu skólafélaganna. 56% nemendanna þar segjast hafi orðið varir við hana en meðaltalið í öllum skólunum er 45%.

20% nemenda skólans fara að sofa um eða eftir kl. 01 á virkum dögum. Þetta er næstum sama hlutfall og 1998 og mjög svipað og meðaltal úr skólunum fimm.

4. Tekjuöflun og neysla nemenda

Nemendur MK stunda launuð störf með námi í ríkara mæli en meðaltalið í skólunum fimm. Bílaeign þeirra er einnig fyrir ofan meðaltalið en GSM símaeign og símakostnaður er nálægt meðaltali. Kaup nemendanna sjálfra á námsbókum er undir meðaltali.

Í MK stunda 70% nemenda launaða vinnu með námi en það er nokkuð yfir meðaltalinu í skólunum fimm (59%). Vinna hefur aukist um 10% í MK frá könnuninni 1998. 30% nemenda skólans vinna meira en 10 klst á viku en þar er meðaltal skólanna 23%.

37% nemenda í MK kosta námsbækur sínar að öllu leyti sjálfir en það er undir meðaltalinu 45% í skólunum öllum. Þetta er örlítið lægra hlutfall en það var í skólanum í könnuninni 1998.

Nærri fjórir af hverjum tíu (39%) nemendum í MK eiga bíl en meðalbílaeign í skólunum fimm er 31%. Í könnuninni 1998 áttu 32% nemenda skólans bíl.

94% nemenda MK á GSM síma. Þetta er svipað hlutfall og í öllum skólunum (90,5%). Fimmti hver nemandi skólans (20%) eyðir 5000 kr. eða meira í GSM símakostnað á mánuði.

5. Menningarheimur nemenda

Nemendur í MK eru líkir meðaltalsnemendum í FÁ, ME og FSu að því er varðar sjónvarpsáhorf, bóklestur, heimsóknir á listasöfn og á leiksýningar.

Þegar könnunin var gerð sögðust 35% nemenda MK vera að lesa bók sem ekki tilheyrði námsefninu. Þetta hlutfall er lægst skólanna fimm en meðaltal þeirra er 44,5%. Í þessu efni er MK þó meðal fjögurra líkra skóla. Bóklestur í skólanum mælist svipaður og í könnuninni 1998.

Rúmlega fjórir af hverjum tíu (43%) nemendum skólans hafa farið á leiksýningu frá áramótum og fram til þess að könnunin var gerð. Þetta er næst hæsta hlutfall sem mældist í skólunum fimm en er þó undir meðaltalinu, 46%.

37% nemenda í MK segjast stundum eða oft sækja listasöfn og sýningar. Þetta er herra hlutfall en mældist í könnuninni 1998 en er langt undir meðaltalinu (57%) í skólunum fimm. Nemendur MK eru þó með svipað hlutfall hér og mælist í þrem öðrum skólum.

Helmingur nemenda (50%) segist horfa á sjónvarp í 2 klst. á dag eða meira. Þetta er svipað og meðaltalið í skólunum fimm (52%) og lægra en það var í könnuninni 1998 (59%).

6. Tölvunotkun nemenda

Langflestir nemenda MK hafa aðgang að nettengingu heima hjá sér, fjórðungur nemenda skólans hefur aðgang að fartölvu og meirihluti nemendanna myndi nýta sér fjarkennslu við skólann stæði hún til boða. Nemendur eru nokkuð sáttir við kunnáttu sína á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum og hvernig skólinn sinni kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar.

Nemendur MK eru hlutfallslega fæstir þeirra sem eru sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum og eru langt undir meðaltali þeirra sem segjast nota tölvubúnað skóla síns minnst vikulega.

Meira en níu af hverjum tíu nemendum MK (92%) hafa aðgang að tölvu með nettengingu á heimili sínu. Þetta er hæsta hlutfallið í skólunum fimm en þó ekki mikið hærra en meðaltalið 87%. Aðgangurinn hefur stóraukist frá því 1998 en þá sögðust aðeins 42% nemenda skólans hafa þennan aðgang.

Meirihluti (69%) nemenda í MK telur sig hafa nóga, frekar mikla eða mikla tölvukunnáttu til að mæta kröfum síns skóla í þessum efnum. Þetta er nálægt meðaltalinu 68%.

Nemendur MK eru hlutfallslega fæstir þeirra sem eru sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum. 92% nemenda í skólunum fimm segja þennan aðgang nokkuð góðan eða góðan en hlutfallið er aðeins 79% í MK. Aðeins 11% nemenda í MK segja aðganginn mjög góðan en meðaltal hinna skólanna fjögurra er þar 43%.

Af þeim sem taka afstöðu til þess hvernig skólinn sinni kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar þá telja 74% nemenda í MK að skólinn sinni henni nokkuð vel, vel eða mjög vel. Þetta hlutfall er það sama og meðaltalið í öllum skólunum. Hlutfall þeirra nemenda sem segir skólann sinna kennslunni mjög vel er lægst í MK (5%).

Hátt hlutfall nemenda almennt veit ekki hvort þeir myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða. Af þeim nemendum MK sem taka afstöðu segjast 70% vilja nýta sér þennan möguleika. Þetta er hærra en meðaltal í skólunum fimm (63%).

38% nemenda MK telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum. Þetta er undir meðaltalinu 41%.

Aðeins 38% nemenda MK segjast nota tölvubúnað skólans einu sinni í viku eða oftar en meðaltalið í skólunum fimm er 53%.

Nálægt fjórðungur (24%) nemenda skólans hafa aðgang að fartölvu en það er nálægt meðaltalinu (25%) í öllum skólunum.

Fjölbrautaskólinn á Suðurlandi

1. Bakgrunnur nemenda og áform þeirra

Langflestir nemendur FSu eiga lögheimili á Suðurlandi, þar er hæsta hlutfall þeirra nemenda sem hafa verið lengur en fimm ár í framhaldsskóla og skólaganga foreldra þeirra er styttri en skólaganga foreldra nemenda í hinum skólunum fjórum.

Í FSu er hlutfall nemenda yfir tvítugt 11% sem er svipað og meðaltalið í skólunum fimm. Yfirgnæfandi meirihluti nemenda (95%) á lögheimili á Suðurlandi. Flestir nemendur skólans (82%) búa hjá foreldrum en það er svipað og meðaltalið í skólunum fimm. 1% nemendanna á barn eða börn en meðaltalið í öllum skólunum er 2%.

Í FSu er hæsta hlutfall nemenda sem hefur verið lengur en fimm ár í framhaldsskóla. Meðaltalið í skólunum fimm er 5% en í FSu er hlutfallið 8%.

14% nemenda í FSu hefur áður stundað nám í öðrum framhaldsskóla en að meðaltali hafa 12% nemenda hinna skólanna áður verið í öðrum framhaldsskóla. Nemendur FSu gefa upp ýmsar ástæður fyrir að hafa skipt um skóla en einna algengast er að benda á gott námsframboð í skólanum.

Skólaganga foreldra nemendanna í FSu er styttri en í öllum hinum skólunum. 34% mæðra nemenda í skólunum fimm hafa lokið háskólanámi en í FSu er þetta hlutfall 16%. Samanburður á menntun feðra sýnir svipaðar niðurstöður og samanburðurinn á menntun mæðra. Í FSu hafa 15% feðra lokið háskólanámi, í MR hafa 67% feðra lokið háskólanámi, í MK 37% í FÁ 26% og í ME 20%.

2. Viðhorf til skóla

Nemendur í FSu nota bókasafnið mest allra nemenda í skólunum fimm, þeir telja sig helst allra vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara, þeir mæta best allra og þeir eru ánægðastir með skólaumhverfi sitt. Þeir eru nálægt meðaltali allra skólanna í heimalærdómi, ánægju með samskipti sín við stjórnendur skólans og þátttöku í félagslífi. Nemendur skólans eru einna ólíklegastir til að verja miklum tíma til heimanáms.

30% nemenda FSu segjast læra heima í hálf klukkustund eða minna og 60% þeirra læra í klukkustund eða minna. Þetta er undir meðaltali skólanna fimm (27% og 54%).

Bókasafnið er mest notað í FSu en þar segjast 56% nota það einu sinni í viku eða oftar (meðaltalið er 38% í skólunum fimm). 17% nemenda í skólanum nota það þrisvar sinnum eða oftar á viku (meðaltalið er 9% í skólunum fimm).

Nemendur í FSu telja sig helst allra nemenda vera í nægjanlegu sambandi við umsjónarkennara. Í skólunum segja 82% sig vera það, en meðaltal allra skólanna er 60%.

56% nemenda skólans telja að samskipti við skólastjórnendur séu góð eða mjög góð og er það svipað og meðaltal skólanna fimm.

54% nemenda í FSu segja skólavistina skemmtilega en það er aðeins lægra en meðaltalið úr öllum skólunum (60%). Flestum (73%) finnst námið hvorki erfiðara né auðveldara en þeir áttu von á og er það í samræmi við væntingarnar í hinum skólunum.

Nemendur í FSu mæta best en 70% þeirra segjast vera fjarverandi sjaldnar en einu sinni á viku (meðaltalið er 60%). Af þeim sem eru fjarverandi í kennslustundum næstum daglega er hlutfallið enn lægst í FSU eða 2% á meðan meðaltalið er 7%.

Þótt talsverður munur sé á milli skóla að því er varðar þátttöku í félagslífi þá er þátttaka nemenda í FSu (64%) nálægt meðaltalinu úr skólunum fimm.

Nemendur í FSu eru ánægðastir með skólaumhverfi sitt en 61% þeirra segja skólaumhverfið mjög eða frekar aðlaðandi á meðan meðaltalið er 45%. Í FSu er líka lægsta hlutfall þeirra sem telja umhverfið óaðlaðandi.

3. Líðan nemenda

Svefntími nemenda í FSu er ólíkur nemenda hinna skólanna. Þar er lægsta hlutfall þeirra sem segist fara að sofa um eða eftir kl. 1 og hæsta hlutfall þeirra sem fer að sofa fyrir miðnætti. Íþróttaiðkun, hreysti og fíkniefnaneysla er með svipuðu sniði og í hinum skólunum. Það sama má segja um vináttubönd og einelti.

Íþróttaiðkun í FSu er svipuð og í hinum skólunum. 65% nemenda í FSu stunda íþróttir utan skólans og er það sama hlutfall og meðaltalið í skólunum fimm. Hreysti nemenda skólans er einnig svipað og í hinum skólunum. 91% nemendanna telja sig fremur eða mjög heilsuhrausta.

Um fjórðungur (24%) nemenda FSu telur sig hafa orðið fyrir einelti. Hlutfallið er nokkuð jafnt á milli skóla. Það hefur helst áhrif á fjölda þeirra sem hafa orðið fyrir einelti að eineltið fór fram í grunnskóla en í FSu er hlutfall þeirra sem segjast hafa orðið fyrir einelti í framhaldsskóla hæst allra skólanna (2,7%). Það er þó ekki víst að eineltið hafi orðið í þeim skóla. 28% nemendanna segjast hafa verið gerendur í einelti og er það lægra en meðaltalið í öllum skólunum (33%).

5% nemenda skólans segjast ekki eiga vin í skólanum. Þetta er næst hæsta hlutfallið í skólunum fimm en þó lægra en meðaltalið.

Fíkniefnaneysla meðal nemenda skólans virðist svipuð og í hinum skólunum fimm. 42,5% nemenda segjast hafa orðið varir við ólöglega fíkniefnaneyslu meðal skólafélaga en meðaltalið í öllum skólunum er 45%.

Í FSu er lægsta hlutfall þeirra nemenda sem segist fara að sofa um eða eftir kl. 1 (9%) á meðan meðaltalið í skólunum öllum er 19%. Athygli vekur að meira en helmingur nemenda (57%) í FSu fer að sofa fyrir miðnætti en þriðjungur (33%) nemenda í hinum skólunum fjórum fer að sofa fyrir miðnætti.

4. Tekjuöflun og neysla nemenda

Nemendur í FSu eru líklegastir til að eiga GSM síma en símakostnaður þeirra er þó ekki mikill miðað við kostnað nemenda hinna skólanna. Þeir eiga næst flestu bílana og eru næst líklegastir til að kaupa námsbækur sínar sjálfir. Launuð vinna með skólanum er langt yfir meðaltali allra skólanna.

Í FSu stunda 70% nemenda launaða vinnu með námi en meðaltalið í skólunum fimm er 59%. 29% nemenda skólans vinna meira en 10 klst á viku en þar er meðaltal skólanna 23%.

60% nemenda í FSu kosta námsbækur sínar að öllu leyti sjálfir miðað við 45% í skólunum öllum.

Bílaeignin er næstmest í FSu (41%) næst á eftir FÁ. Í skólunum öllum sögðust 31% eiga bíl.

Hæsta hlutfall GSM símaeigenda er í FSu eða 96%. Þetta er þó ekki mikið hærra en meðaltalið í skólunum fimm en rúmlega níu af hverjum 10 nemendum (90,5%) á GSM síma. Nemendur skólans eru þó undir meðaltali þeirra sem eyða 5000 kr. eða meira í GSM símakostnað en 17% nemenda skólans gera það á meðan meðaltalið í skólunum öllum er 19%.

5. Menningarheimur nemenda

Nemendur í FSu eru líkir meðaltalsnemendum í FÁ, ME og MK að því er varðar bóklestur, heimsóknir á listasöfn og á leiksýningar. Þeir eru líklegastir nemenda í skólunum fimm til að horfa mikið á sjónvarp.

Þegar könnunin var gerð sögðust 38% nemenda FSu vera að lesa bók sem ekki tilheyrði námsefninu. Þetta hlutfall er undir meðallagi í skólunum fimm (44,4%) en í þessu efni er FSu meðal fjögurra líkra skóla.

Fjórir af hverjum tíu (40%) nemendum skólans segjast hafa farið á leiksýningar þegar könnunin var gerð. Þetta er undir meðaltalinu, 46%.

Rúmlega þriðjungur (36,5%) nemenda í FSu segist stundum eða oft sækja listasöfn og sýningar. Þetta er lægsta hlutfallið í skólunum fimm en þó ekki mikið lægra en í þrem öðrum skólum.

Nemendur FSu eru hlutfallslega flestir (58%) þeirra sem horfa á sjónvarp 2 klst. á dag eða meira. Sama á við þegar horft er til þeirra sem horfa eina klst. eða meira. Þar eru nemendur skólans einnig hlutfallslega flestir, 81%.

6. Tölvunotkun nemenda

Hlutfallslega flestir nemendur í Fsu hafa aðgang að fartölvum og flestir nemendur skólans hafa aðgang að internettingu á heimili. Nemendur skólans eru almennt sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum, þeir segja að skólinn sinni kennslu í þeim málum vel og telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni í kennslugreinum sínum. Meirihluti nemenda segist mundu nýta sér fjarkennslu við skólann stæði hún til boða.

Hlutfall þeirra nemenda sem nota nettengingu oft á heimili sínu er lægst í skólunum fimm í FSu og eru þeir undir meðaltali þeirra sem telja sig kunna nóg á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum.

Flestir nemendur skólans (82%) hafa aðgang að tölvu með internettingu á heimili sínu. Þetta er þó lægsta hlutfallið í skólunum fimm. Hlutfall þeirra sem nota hana 5 sinnum í viku eða oftar er líka lægst í FSu 22%.

Í FSu er lægsta hlutfall (56%) þeirra nemenda sem telur sig kunna nóg, frekar mikið eða mjög mikið á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum. Þetta er 13% undir meðaltali skólanna fimm (68%).

Nemendur í FSu eru mjög sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum en 47% þeirra segja aðganginn mjög góðan miðað við meðaltalið 37% í skólunum fimm.

Af þeim sem taka afstöðu til þess hvernig skólinn sinni kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar þá telja 88% nemenda í FSu að skólinn sinni henni nokkuð vel, vel eða mjög vel. Þetta er mun hærra en meðaltalið 77%.

Hátt hlutfall nemenda í öllum skólunum veit ekki hvort þeir myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða. Af þeim nemendum FSu sem taka afstöðu segjast 68% vilja nýta sér þennan möguleika. Þetta er hærra en meðaltal í skólunum fimm (63%) en mun lægra en í FÁ (83%), hinum þróunarskólanum sem tók þátt í könnuninni.

66% nemenda í FSu telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum. Hér er FSu næstur á eftir FÁ en þessir skólar hafa hér nokkra sérstöðu. Meðaltalið í skólunum fimm er 41%.

Sex af hverjum tíu (60%) nemendum FSu segjast nota tölvubúnað skólans einu sinni í viku eða oftar en meðaltalið í skólunum fimm er 53%.

Í FSu hafa nemendur greiðastan aðgang að fartölvum (37%) en fjórði hver nemandi (25%) í öllum skólunum hafa þennan aðgang.

Menntaskólinn í Reykjavík

1. Bakgrunnur nemenda og áform þeirra

Bakgrunnur nemenda í MR er ólíkur bakgrunni nemenda í öllum samanburðarskólunum. Í skólanum er langlægsta hlutfall nemenda yfir tvítugt, þar er langlægsta hlutfall þeirra nemenda sem hafa verið í framhaldsskóla lengur en fimm ár, þar er einnig langlægsta hlutfall þeirra nemenda sem hafa verið í öðrum framhaldsskóla og foreldrar nemendanna í MR hafa að jafnaði lengstu skólagönguna að baki.

Langflestir nemenda MR eiga lögheimili í Reykjavík eða Reykjanesi og í skólanum er hæsta hlutfall þeirra nemenda sem búa hjá foreldrum. Þar er lægsta hlutfall þeirra nemenda sem eiga barn eða börn.

Í MR er langlægsta hlutfall nemenda yfir tvítugt. Aðeins 2% nemenda er yfir tvítugu en að meðaltali eru 16% nemenda í hinum skólunum fjórum yfir þeim aldri. Í skólanum er líka langlægsta hlutfall þeirra nemenda sem hafa verið fimm ár eða lengur í framhaldsskóla. Meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 7% en í MR er hlutfallið 2%.

Langflestir nemendanna eiga lögheimili í Reykjavík eða Reykjanesi (95,5%) og 93,5% þeirra búa hjá foreldrum. Það er hæsta hlutfall í skólunum fimm. Minna en 1% nemendanna á barn eða börn og er það lægsta hlutfallið í skólunum öllum.

Aðeins 5% nemenda í MR hafa áður stundað nám í öðrum framhaldsskólum. Þetta er langt undir meðaltalinu 26% í hinum skólunum fjórum.

Það er sláandi að miklu líklegra er að foreldrar nemenda í MR hafi lokið háskólanámi en foreldrar nemenda í öðrum skólum. Í MR hafa 57% mæðranna háskólanám en meðaltal hinna skólanna fjögurra er 21%. Í MR hafa 67% feðranna lokið háskólaprófi á meðan meðaltal hinna skólanna fjögurra er aðeins 26%.

2. Viðhorf til skóla

Nemendur MR nota mestan tíma allra nemendanna til heimanáms. Þeir telja líka helst að námið sé erfiðara en þeir áttu von á, þeim finnst skemmtilegast í skólanum og þátttaka þeirra í félagslífi skólans er mest. Þeir eru nálægt meðaltali þeirra sem telja samband við umsjónarkennara vera nægilega gott. Það sama á við um fjarveru úr kennslustundum og ánægju með samskipti við skólastjórnendur. Þeir nota bókasafn skólans einna minnst allra nemenda og telja helst að umhverfi skólans sé óaðlaðandi.

Nemendur í MR nota mestan tíma í heimanám; 25% þeirra læra í 2 klst. eða meira en samsvarandi hlutfall er að meðaltali 15% í hinum skólunum fjórum. Þetta er eini skólinn þar sem meirihluti nemenda ver meira en einni klst. að jafnaði á dag í heimanám (55% miðað við meðaltalið 42% í hinum skólunum fjórum).

Ásamt nemendum ME nota nemendur MR bókasafnið minnst allra. Þeir eru hlutfallslega fæstir í hópnum sem notar bókasafnið þrisvar í viku eða oftar (3% miðað við 11% í

hinum skólunum fjórum) og næstfæstir í hópnum sem notar bókasafnið einu sinni í viku eða oftar (26% miðað við 44% í hinum skólunum fjórum).

65% nemenda í MR segjast vera í nægjanlegu sambandi við umsjónarkennara. Það er yfir meðaltali skólanna fimm (60%) og langt yfir meðaltali skólanna á höfuðborgarsvæðinu.

54% nemenda skólans telja að samskipti við skólastjórnendur séu góð eða mjög góð og er það svipað og meðaltal skólanna fimm (55%). Nemendur í MR eru þó næst líklegastir til að telja samskiptin slæm eða mjög slæm.

Nemendum í MR finnst skemmtilegast í skólanum en þrír af hverjum fjórum (75%) segja skólavistina skemmtilega þar (meðaltal skólanna fimm er 62,5%). Flestum (71%) finnst námið hvorki erfiðara né auðveldara en þeir áttu von á og er það í samræmi við væntingarnar í hinum skólunum. Nemendur í MR eru líklegastir til að telja námið erfiðara en þeir áttu von á (20% miðað við meðaltalið 15% í skólunum fimm).

63% nemenda í MR segjast vera fjarverandi minna en eina kennslustund í viku. 9% þeirra eru fjarverandi í kennslustundum næstum daglega. Í báðum tilvikum er þetta nærri meðaltali skólanna fimm.

Þátttaka nemenda í félagslífi skólans er mest í MR 74% en meðaltalsþátttaka í skólunum fimm er 65%.

Meira en fjórðungur nemenda (28%) í MR telur að skólaumhverfið sé frekar eða mjög óaðlaðandi. Þetta er hæsta hlutfallið en meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 12%.

3. Líðan nemenda

Hvað varðar þætti sem tengjast líðan nemenda þá mælast nemendur MR í öllum tilvikum nærri meðaltali í skólunum fimm. Íþróttaiðkun, reynsla af einelti, vinatengsl, svefnvenjur og fíkniefnaneysla skólafélaganna í MR er svipuð og í hinum skólunum.

Íþróttaiðkun í MR er svipuð og í hinum skólunum. Að meðaltali stunda 65% allra nemenda íþróttir utan skólans en í MR er þetta hlutfall örlítið hærra eða 69%. Hreysti nemenda skólans er einnig svipuð og í hinum skólunum. 91% nemendanna telja sig fremur eða mjög heilsuhrausta.

21% nemenda MR telja sig hafa orðið fyrir einelti. Hlutfallið er nokkuð jafnt á milli skóla en meðaltalið er 23%. Það hefur helst áhrif á fjölda þeirra sem hafa orðið fyrir einelti að eineltið fór fram í grunnskóla.

Rúm 4% nemenda í MR telja sig ekki eiga góðan vin í skólanum. Þetta er undir meðaltalinu sem er rúm 6% í hinum skólunum fjórum.

Fíkniefnaneysla meðal nemenda skólans virðist svipuð og meðaltalið í skólunum öllum. 47% nemenda í MR segjast hafa orðið varir við ólöglega fíkniefnaneyslu meðal skólafélaga en meðaltalið í öllum skólunum er 45%.

Nálægt tveir af hverjum tíu (19%) nemendum skólans segjast fara að sofa um eða eftir kl. 1 á virkum dögum. Þetta er sama hlutfall og meðaltal úr skólunum fimm sýnir.

4. Tekjuöflun og neysla nemenda

Nemendur MR eru langólíkgastir nemenda í skólunum fimm til að stunda launaða vinnu með námi. Þeir eru einnig ólíkgastir til að eiga bíl og kaupa námsbækur sínar sjálfir. Hlutfall nemenda sem eiga GSM síma er aðeins undir meðaltali allra skólanna.

Það er miklu ólíklegra að nemendur í MR stundi launaða vinnu með skólanum heldur en nemendur hinna skólanna. 43% nemenda í MR stunda launaða vinnu með námi en það er 25% minna en meðaltalið í hinum skólunum fjórum (68%). 10% nemenda skólans vinna meira en 10 klst á viku en þar er meðaltalið í hinum skólunum fjórum 30%.

Tæplega einn af hverjum þremur nemendum MR (32%) kostar námsbækur sínar að öllu leyti sjálfur. Þetta er lægsta hlutfall í skólunum fimm (45%).

Bílaeign nemenda í MR er langminnst skólanna fimm. 12% nemenda skólans eiga bíl en að meðaltali eiga 41% nemenda í hinum skólunum fjórum bíl.

85% nemenda MR á GSM síma. Þetta er aðeins lægra hlutfall en í öllum skólunum (90,5%). 14% nemenda skólans eyða 5000 kr. eða meira í GSM símakostnað á mánuði. Þetta er lægsta hlutfall skólanna fimm.

5. Menningarheimur nemenda

Þegar könnunin var gerð sögðust 58% nemenda MR vera að lesa bók sem ekki tilheyrði námsefninu. Þetta hlutfall er langhæsta hlutfallið í skólunum fimm en meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 21% lægra eða 37%.

Í MR er langhæsta hlutfall þeirra nemenda sem farið hafa á leiksýningu frá áramótum og fram til þess að könnunin var gerð. 65% nemenda skólans segjast hafa gert það en meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 36% eða 29% lægra en í MR.

Í MR er langhæsta hlutfall þeirra nemenda sem hafa stundum eða oft farið á listasöfn og sýningar. 64% nemenda skólans segjast hafa gert það en meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 34% eða 30% lægra en í MR.

Nemendur MR eru hlutfallslega fæstir (39%) þeirra sem horfa á sjónvarp 2 klst á dag eða meira en meðaltalið í skólunum öllum er 52%.

6. Tölvunotkun nemenda

Langflestir nemenda í MR hafa aðgang að nettengingu heima hjá sér og fjórðungur nemenda skólans hefur aðgang að fartölvu. Nemendur skólans telja sig helst hafa nóga

tölvukunnáttu til að mæta kröfum síns skóla í þessum efnum, þeir eru mjög sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum en notkun þeirra á tölvubúnaði skólans er undir meðaltali í hinum skólunum fjórum.

Nemendur í MR telja síst allra að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum. Þeir telja einnig síst allra að skólinn sinni vel kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar. Í MR er langlægsta hlutfall þeirra sem telja að þeir myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða.

Níu af hverjum tíu nemendum MR (90%) hafa aðgang að tölvu með nettengingu á heimili sínu. Þetta er aðeins hærra en meðaltalið í skólunum fimm (87%). Hlutfall þeirra sem nota hana 5 sinnum í viku eða oftar er hæst í MR 38,5%.

Nemendur í MR telja sig helst hafa nóga, frekar mikla eða mikla tölvukunnáttu til að mæta kröfum síns skóla í þessum efnum (75% í MR en meðaltal allra skólanna er 68%). Hér verður að taka tillit til að ekki virðist mikið um tölvunotkun í námi þeirra.

Nemendur MR eru mjög sáttir við aðgengi að tölvum í skólanum. 93% þeirra segja aðganginn mjög góðan eða nokkuð góðan en þar er meðaltal allra skólanna 92%.

Nemendur í MR telja helst nemenda í skólunum fimm að skóli þeirra sinni illa kennslu í notkun tölva og hugbúnaðar. Af þeim sem taka afstöðu til málsins telja 35% nemenda skólans að hann sinni þessari kennslu illa en meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 11%.

Hátt hlutfall allra nemenda veit ekki hvort þeir myndu nýta sér fjarkennslu stæði hún til boða. Af þeim nemendum MR sem taka afstöðu segjast 41% vilja nýta sér þennan möguleika. Þetta er langlægsta hlutfallið en í hinum skólunum fjórum er það að meðaltali 74%.

Aðeins 13% nemenda MR telja að kennarar nýti sér upplýsingatækni mikið eða mjög mikið í kennslugreinum sínum. Þetta er langlægsta hlutfallið en í hinum skólunum fjórum er það að meðaltali 47%.

Tæplega helmingur (47%) nemenda MR notar tölvubúnað skólans einu sinni í viku eða oftar en meðaltalið í hinum skólunum fjórum er 56%.

Um fjórðungur (24%) nemenda skólans hefur aðgang að fartölvu en það er nálægt meðaltalinu (25%) í öllum skólunum.

Spurningalisti könnunar:**Kæri nemandi**

Okkur langar til að biðja þig um að taka þátt í könnun sem unnin er með styrk frá menntamálaráðuneyti. Markmiðið er að kanna aðstæður og viðhorf nemenda í fimm framhaldsskólum. Skólarnir eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn í Kópavogi og Menntaskólinn í Reykjavík.

Til þess að marktækar niðurstöður fáiast úr könnuninni biðjum við þig að svara öllum spurningunum. Við flestum spurningum eru nokkrir svarmöguleikar og þú átt aðeins að velja einn þeirra nema annað sé tilgreint. Settu kross í þann reit sem þú hefur valið. Til að auðvelda vélræna úrvinnslu viljum við biðja þig um að hafa eftirfarandi í huga:

1. Best er að skrifa með bláum penna.
2. Ekki fylla alveg út í reitina sem þú merkir í.
3. Ef þú skiptir um skoðun og vilt breyta svari við einhverri spurningu áttu að fylla reitinn alveg út þannig að ekkert hvítt sjáist.
4. Á nokkrum stöðum eru opnar spurningar og þar ert þú beðin(n) að skrifa svarið. Þar þarft þú að skrifa mjög greinilega og nota prentstafi.
5. Gættu þess að skrifa hvergi nafn þitt á blaðið.

Gætt verður ýtrustu nafnleyndar og farið með upplýsingarnar sem trúnaðarmál.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna

Garðar Gíslason (HÍ og MK)
Hannes Í. Ólafsson (FÁ)
Jón Ingi Sigurbjörnsson (ME)

Lestu vandlega leiðbeiningarnar fremst í listanum áður en þú byrjar á að svara spurningunum!

1. Skóli: FÁ ME MK
 FSU MR

2. Kyn Karl Kona

3. Hvaða ár ertu fædd(ur)?

1986 1981
 1985 1980
 1984 1979
 1983 1978 eða fyrr
 1982

4. Póstnúmer lögheimilis:

- | | |
|------------------------------------|---------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> 101-119 | <input type="checkbox"/> 500 - 599 |
| <input type="checkbox"/> 200 | <input type="checkbox"/> 600 - 699 |
| <input type="checkbox"/> 170 – 270 | <input type="checkbox"/> 700 – 799 |
| <input type="checkbox"/> 300 – 399 | <input type="checkbox"/> 800 - 900 |
| <input type="checkbox"/> 400 – 499 | <input type="checkbox"/> Annað: _____ |

5. Á hvaða braut ert þú?

- Bóknámsbraut til stúdentsprófs, hvaða: _____
- Starfsnámsbraut, hvaða: _____
- Annað, hvað: _____

6. Hvað hefur þú verið mörg námsár í framhaldsskóla (að þessu námsári meðtöldu)?

- 1 ár 2 ár 3 ár 4 ár 5 ár Annað _____

7. Hefur þú stundað nám í öðrum framhaldsskóla?

- Já, einum Já, tveimur Já, fleiri en tveimur Nei

8. Ef þú svaraðir síðustu spurningu játandi, af hverju skiptirðu um skóla?

- Fjölskyldan flutti
- Fylgdi kærasta/kærustu
- Tók hlé
- Vildi skipta um umhverfi
- Gekk illa í gamla skólanum
- Betra námsframboð í nýja skólanum
- Annað, hvað? _____
-

9. Menntun móður (merktu aðeins við lengsta námið)

- Hefur lokið skyldunámi
- Hefur lokið starfsnámi
- Hefur lokið stúdentsprófi
- Hefur lokið háskólanámi
- Veit ekki

10. Menntun föður (merktu aðeins við lengsta námið)

- Hefur lokið skyldunámi
- Hefur lokið starfsnámi
- Hefur lokið stúdentsprófi
- Hefur lokið háskólanámi
- Veit ekki

11. Hvert er aðsetur þitt nú?

- Hjá foreldrum
- Hjá ættingjum
- Tengdaforeldrum
- Í leiguhúsnæði
- Í eigin húsnæði
- Á heimavist
- Annað, hvað? _____

12. Átt þú barn/börn?

- Já
- Nei

13. Hve langan tíma notar þú að meðaltali í heimanám á dag?

- 30 mínútur eða minna
- 30 mínútur til 1 klst.
- 1 klst. til 2 klst.
- 2 klst. til 3 klst.
- 3 klst. til 4 klst.
- 4 klst. eða meira

14. Notar þú bókasafn skólans?

- Nei, aldrei
- Næstum aldrei
- Já, 1-2 sinnum á viku
- Já, 3-4 sinnum á viku
- Já, 5 sinnum á viku eða oftar

15. Notar þú tölvubúnað skólans?

- Nei, aldrei
- Næstum aldrei
- Já, 1-2 sinnum á viku
- Já, 3-4 sinnum á viku
- Já, 5 sinnum á viku eða oftar

16. Áttu eða hefur þú afnot af fartölvu?

- Já
- Nei

17. Finnst þér þú vera í nægjanlega góðu sambandi við umsjónarkennara?

- Já
- Nei

18. Hvernig eru samskipti þín við stjórnendur skólans að öllu jöfnu?

- Mjög góð
- Góð
- Í lagi
- Slæm
- Mjög slæm

19. Hvernig finnst þér að vera í þessum skóla?

- Skemmtilegt
- Hlutlaus
- Leiðinlegt

20. Er námið í skólanum eins og þú áttir von á?

- Já
- Nei, það er erfiðara
- Nei, það er auðveldara

21. Hversu oft ert þú fjarverandi úr kennslustundum?

- Næstum aldrei
- 1-3 sinnum í mánuði
- 1-3 sinnum í viku
- Næstum daglega

22. Tekur þú virkan þátt í félagslífi skólans?

- Já
- Nei, ég hef ekki tíma
- Nei, ég hef ekki áhuga
- Nei, annað? _____

23. Finnst þér skólaumhverfið aðlaðandi?

- Mjög aðlaðandi
- Frekar aðlaðandi
- Hlutlaus
- Frekar óaðlaðandi
- Mjög óaðlaðandi

24. Stundar þú íþróttir utan skólans?

- Já, 1-2 klst á viku
- Já, 3-6 klst á viku
- Já, 7 klst á viku
- Nei

25. Hversu heilsuhraust(ur) telurðu að þú sért?

- Mjög heilsuhraustur
- Fremur heilsuhraustur
- Ekki heilsuhraustur
- Alls ekki heilsuhraustur

26. Hefur þú einhvern tíma orðið fyrir einelti? (Merkja má við fleiri en einn reit.)

- Nei
- Já, í grunnskóla
- Já, í framhaldsskóla
- Já, utan skólans

27. Ef þú svaraðir spurningu 26 játandi, hverjir beittu þig einelti? (Merkja má við fleiri en einn reit.)

- Samnemendur
- Kennari/kennarar
- Skólastjórnendur
- Aðrir, hverjir? _____

28. Hefur þú sjálf(ur) tekið þátt í að beita aðra einelti? (Merkja má við fleiri en einn reit).

- Nei
- Já, í grunnskóla
- Já, í framhaldsskóla
- Já, utan skólans

29. Áttu góða vini í skólanum?

- Nei
- Já, einn
- Já, tvo
- Já, fleiri en tvo

30. Hefur þú orðið var/vör við notkun ólöglegra fíkniefna meðal skólafélaga þinna?

- Aldrei
- Sjaldan
- Oft

31. Klukkan hvað ferð þú venjulega að sofa á virkum dögum?

- Fyrir ellefu
- Um ellefu leytið
- Um hálf tólf
- Um tólf
- Um hálf eitt
- Um eitt
- Um hálf tvö
- Eftir hálf tvö

32. Stundar þú launaða vinnu með námi?

- Nei
- Já, 1-5 klst á viku
- Já, 6-10 klst á viku
- Já, 11-20 klst á viku
- Já, 21-30 klst á viku
- Já, 31 klst eða meira á viku

33. Kostar þú námsbækur þínar sjálf(ur)?

- Já
- Að hluta
- Nei

34. Átt þú bíl?

- Já
- Nei

35. Ert þú að lesa einhverja bók sem ekki tilheyrir námsefninu?

- Já
- Nei

36. Hve oft hefur þú sótt leiksýningar frá áramótum?

- Aldrei
- 1 sinni
- 2-5 sinnum
- 6 sinnum eða oftar

37. Hversu oft ferðu á listasöfn og sýningar?

- Aldrei
- Stundum
- Oft

38. Áttu GSM síma?

- Já
- Nei

39. Ef þú svaraðir spurningu 38 játandi, hver er GSM símakostnaður þinn á mánuði?

- Minna en 2 þúsund á mánuði
- 2-4 þúsund á mánuði
- 4-8 þúsund á mánuði
- 9 þúsund eða meira

40. Hversu lengi horfir þú á sjónvarp að meðaltali á dag?

- Minna en 1 klst.
- 1 klst.
- 2 klst.
- 3 klst.
- 4 klst. eða meira

41. Hefur þú aðgang að tölvu með nettengingu þar sem þú býrð nú?

- Nei
- Já, en nota hana aldrei
- Já, en nota hana sjaldnar en vikulega
- Já, nota hana 1-2 sinnum í viku
- Já, nota hana 3-4 sinnum í viku
- Já, nota hana 5-6 sinnum í viku
- Já, nota hana einu sinni á dag
- Já, nota hana oft á dag

42. Hversu vel finnst þér þú kunna á þau tölvuforrit sem notuð eru í skólanum?

- Ekkert
- Mjög lítið
- Frekar lítið
- Nóg
- Frekar mikið
- Mjög mikið

43. Hefur þú góðan aðgang að tölvum í þínum skóla?

- Nei
- Já, nokkuð góðan
- Já, mjög góðan

44. Hvernig sinnir skólinn kennslu í notkun tölvu og hugbúnaðar?

- Illa
- Nokkuð vel
- Vel
- Mjög vel
- Veit það ekki

45. Myndir þú nýta þér fjarkennslu sem hluta af skólanámi ef hún stæði til boða?

- Já
- Nei
- Veit ekki

46. Hvernig finnst þér kennarar nýta sér tölvur og upplýsingatækni í kennslugreinum sínum?

- Mjög mikið
- Mikið
- Lítið
- Mjög lítið

47. Ert þú hlynnt(ur) samræmdum prófum í framhaldsskóla?

- Nei
- Já, í sumum greinum
- Já, í öllum greinum

48. Stefnir þú að því að ljúka stúdentsprófi í vor?

Já

Nei

Heimildaskrá

Guðríður Sigurðardóttur og Þorlákur Karlsson. *Göfgar vinna með námi?*
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. 1991

Hannes Í. Ólafsson, Garðar Gíslason og Jón Ingi Sigurbjörnsson. *Könnun á högum og viðhorfum framhaldsskólanema í þremur framhaldsskólum.* 1999

Jón Torfi Jónasson og Karl Sigurðsson. *Vinna framhaldsskólanemenda með námi.*
Menntamálaráðuneytið. 1990.

Kópavogspósturinn, 19. tlb. 5 árg. 1999

Könnun á viðhorfum og aðstæðum. *Félagsblað BK*, mars 1992

Þorbjörn Broddsson, Emil Thoroddsen, Ólafur Jónsson og Elías Héðinsson. Framtíðarsýn ungs fólks. *Ísland 2010: Gróandi þjóðlíf.* Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum forsætisráðuneytis. 1987.

Þorlákur Helgason. Neysla unglunga, 5 milljarðar á ári: Hvernig bregst skólinn við? *Ný menntamál* 3. tlb. 7. árg. 1989

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson. *Tómstundir íslenskra ungmenna vorið 1992.* Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. 1993.